

# Leikskólinn Vinaminni

2023–2024



Framtíðarsýn leikskólans Vinaminnis

Í því metnaðarfulla skólastarfi sem nemendur öðlast í leikskólanum Vinaminni fara þeir sjálfstæðir, félagslega sterkir og með góðan málproska á næsta skólastig þ.e. í grunnskólann. Þannig geta þeir byggt framtíð sína á traustum grunni tilbúnir að takast á við þær áskoranir sem á vegi þeirra verða, sigrast á þeim og komast á þann stall sem hugur og væntingar leiða þau í lífinu landi og þjóð til sóma.

## Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans .....	3
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	3
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023.....	5
3 Innra mat deilda 2022-2023.....	27
4 Innra mat sérkennslu .....	48
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	50
6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla .....	53
7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva .....	54
8. Foreldrasamvinna .....	54
9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal.....	56
10. Fylgigögn .....	58
11. Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs.....	61

# Leikurinn á vísdóm veit

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Leikskólaárið 2022-2023 gekk í alla staði vonum framar þrátt fyrir að fjórir starfsmenn færu í veikindafrí í 4-6 vikur hver. Það vildi samt svo til að veikindaleyfin sköruðust og aldrei voru nema einn til tveir starfsmenn frá í einu sem gekk ágætlega að manna.

Aðlögunin á Álfasteini gekk vel að hausti og mikil ró einkenndi starfið þar (eins til tveggja ár gömul börn), börnin fengu ótrúlega skemmtilegt og þroskandi starf þar sem þeim var skipt í fámenna barnahópa og þau fóru milli leikstöðva með sínum starfsmanni. Þarna fá börnin fjölbreytt viðfangsefni sem eflir og gleður litlar sálir. Lubbi finnur málbein, söngur, sagnalestur og útivera fram eftir haustinu var einnig allsráðandi í starfinu þar.

Á Dvergasteini hætti deildarstjórinn um áramót þar sem hann fór í frekara nám en í febrúar kom til starfa nýr deildarstjóri, leikskólakennari sem hafði verið hér í starfi í sjö ár fyrir nokkrum árum síðan. Börnin fengu þá skipulagt starf en þeim var einnig skipt í fámenna hópa með einum starfsmanni hver hópur eins og á Álfasteini. Leikþroski barnanna svo og málþroski þeirra tók heldur betur við sér. Lubbi finnur málbein, lestur og söngur, spil, leir, litir og annað var nú haft sýnilegt fyrir börnin svo börnin tóku heldur betur við sér og flugu áfram í þroska.

Á Völuseini var haustið heldur þungt í vöfum, deildarstjórinn sem er erlendur og á stundum í erfiðleikum með að koma frá sér hugmyndum og upplýsingum til starfsmanna þurfti góðan tíma til að finna út hvernig best væri að starfa með börnunum og fá starfsfólk til að vinna með sér. Þetta tókst samt allt saman með seiglu, þolinmæði og góðum stuðningi leikskólastjórnendanna. Þó svo að samskiptaörðugleikar hafi verið á deildinni milli starfsmannanna fengu börnin mikinn kærleika og hlýju frá deildarstjóranum og öðrum starfsmönnum deildarinnar og ef foreldrar spurðu börnin sín hver væri besti vinur þeirra í skólanum sögðu þau strax nafn deildarstjórans. Þrátt fyrir þessar tálmanir tókst deildarstjóranum og starfsmönnum deildarinnar að vinna skemmtilegt og þroskandi starf með börnunum.

Á Töfrasteini gekk starfið með börnunum vel. Börn fædd 2018 voru ekki til í að vera í hópastarfi á haustönninni þau voru ekki tilbúin í að vinna að neinu þema þau vildu leika og leika og leika. Að sjálfssögðu var orðið við því en eftir áramótin hljóp blóð í kinnar þeirra og þau unnu að skemmtilegu dýrapema. Börnin völdu sér hvert og eitt dýr til að vinna með og fræðast um. Þetta var skemmtileg vinna hjá börnunum og þau nutu sín vel.

Börn fædd 2017 á síðasta skólaárinu voru í Vísdómsstundum tvisvar í viku frá kl. 9:15-12:45. Börnin unnu með tilfinningar sínar, þau ræddu um það hvernig þeim líður þegar þeim er strítt, þegar þau eru leið, reið, glöð, einmana o.s.frv. og hvað þau geti gert í slíkum aðstæðum. Þá var rætt um vináttu, kurteisi, hjálpssemi og jákvæð samskipti. Unnið var einnig mikið með rím og hljóðkerfisvitund og eftir áramótin unnu þau í leiklist, þau völdu sér hlutverk, sömdu sögu í kringum hlutverkin sín, saumuðu sér leikbúninga og gerðu leikmynd. Að vori gistu þau í leikskólanum eina nótt og útskrifuðust morguninn eftir, en þá sýndu þau foreldrum sínum leikritið við mikinn fögnuð viðstaddra. Þessi vinna með elstu börnum skólans eflir málþroska og málskilning þeirra þegar þau segja frá verkum sínum, koma með hugmyndir og þurfa að samræma þær, félagsfærni og samskipti þar sem þau þurfa að leika við aðra en besta vin sinn en það gerir það að verkum að þau verða fær í flestan sjó og vel undirbúin fyrir næsta skólastig grunnskólann.

Leikskólastarfið er komið í nokkuð fastar skorður og engin ástæða til að breyta breytinganna vegna heldur að leyfa börnunum að njóta þessa metnaðarfulla starfs sem unnið er með þeim í leikskólanum. Ef börnin eru glöð og hamingjusöm og fá út úr starfinu það sem þeim ber og þau fá að taka þátt í skipulagningu þess veitir það þeim enn þá meiri ánægju og þroskamöguleika.

Það tókst ekki að byrja á þróunarverkefni um „málörvun barna“ eins og lagt var upp með í upphafi síðasta skólaárs, endurgerð skólanámskrárinnar var einnig sett í bið þar sem áherslubreytingar í aðalnámskrá Menntamálaráðuneytisins er væntanleg á árinu 2023 og mikilvægt að hafa þær breytingar sýnilegar í endurgerðri skólanámskrá

Vinaminnis. Mikið og metnaðarfullt starf hefur verið unnið í Vinaminni, sjá umbótaáætlanir og umsagnir deildarstjóra.

Leikskólinn Vinaminni verður 30 ára 14 janúar 2024 og mikil reynsla og metnaður í starfi leikskólabarnanna ríkir í skólanum og allt starfsfólk tilbúið að endurmeta reglulega og gera umbætur þar um jafnóðum. Þetta sýnir vel að allir eru að vinna að þeim markmiðum og leiðum sem skólanámskrá skólans sýnir.

Það er ánægjulegt að hafa fengið tækifæri öll þessi ár að standa við stjórnvöl Vinaminnis og fá að leggja mitt af mörkum til að hjálpa börnum landsins að eiga einstaka bernsku í leikskólanum sínum og fá að þroskast á sínum forsendum í gegnum leikinn. Börnin eru hornsteinar þjóðfélagsins og öllu máli skiptir að þeim sé sýnd virðing, það sé hlustað á þau af athygli og kærleika og þau séu glöð og hamingjusöm en þá eru þeim allir vegir færir. Í Vinaminni hafa börnin fengið tækifæri til að leggja traustan grunn að áframhaldandi skólagöngu sinni og það er yndislegt að hafa fengið að fylgjast með mörgum nemendum skólans feta sinn gullna veg áfram í lífinu með miklum glæsibrag.

Rekstur Vinaminnis hefur ekki alltaf verið auðveldur og reyndar oftast mjög erfiður en með seiglu óstöðvandi áhuga og vandvirkni gerast hlutirnir hægt og smám saman höfum við rekstraraðilar séð til sólar og fengið tækifæri til að horfa aðeins í kringum okkur og einblína á eitthvað annað en rekstur skólans dag og nótt. Við höfum gengið á vegg eins og gengur og gerist en jákvæðni, seigla og óþrjótandi áhugi fyrir starfinu hefur komið okkar á þennan stað í dag þ.e. bráðum 30 ár.

Við munum halda áfram næsta skólaár að kafa í kenningar Beritar Bae í starfsmannahópnum, en í rannsóknum sínum telur Bae sig m.a. komast að því að viðhorf, viðmót og öll framkoma starfsmanna í leikskólanum gagnvart börnunum og starfsfélögum skapi forsendu fyrir þróunarmöguleikum þessara aðila. Þarna fá allir starfsmenn skólans tækifæri til að þroskast í starfinu með börnunum og gera skólastarfið enn betra en það er í dag.

Sólveig Einarsdóttir, leikskólastjóri

## 2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023

### Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Stjórnun</b>			
<b>Stjórnendur sem faglegir leiðtogar</b>	<p>Umræður um gæði náms og starfs á fag- deildar-og starfsmannafundum.</p> <p>Stjórnendur leiðbeina deildarstjórum og starfsfólki með einstök mál sem koma upp í starfinu</p> <p>Skráningar.</p>	Allir starfsmenn skólans	<p>Stjórnendur, leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri, deildarstjórar og aðrir stjórnendur skólans starfsins lögðu upp með þá áherslu á að vera góðar fyrirmyndir fyrir starfsmenn skólans, leiðbeina og kenna á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Bera virðingu fyrir börnum og starfsmönnum og gefa börnunum tækifæri til að ákveða sjálf viðfangsefni líðandi stunda. Eitthvað vantaði á að allir stjórnendur tækju starf sitt alvarlega hvað þetta snerti og var því órói í barnahópnum á einni deildinni sem leiddi til þess að börnin fóru að bíta, hrinda og sýna óæskilega hegðun. Nýr deildarstjóri, leikskólakennari, kom til starfa á deildinni eftir áramótin, börnin fengu þá annarskonar starf þar sem þeim var skipt upp í fámenna barnahópa með einum starfsmanni og gekk það mun betur.</p>
<b>Faglegt samstarf</b>	<p>Umræður á deildar-fagfundum um lýðræði og lýðræðisleg vinnubrögð í starfinu í leikskólanum.</p> <p>Skráningar</p>	Allir starfsmenn skólans	Að hver og einn starfsmaður fái tækifæri til að þroska sig í starfi, gefa og byggja endurgjöf rýna í hana og nýta hana til frekari þroska í starfi.
<b>Skólanámskrá</b>	<p>Leikskólastjórar ákváðu að bíða með endurgerð skólanámskrárinnar þar sem ný/nýjar áherslur aðalnámskrár Menntamálaráðuneytisins er væntanleg vor 2023</p>	Skólastjórar	<p>Ekki var byrjað að endurgera skólanámskrá skólans síðastliðið skólaár þar sem ný aðalnámskrá leikskóla Menntamálaráðuneytisins mun koma út á árinu 2023</p> <p>Tekið upp skólaárið 2023-2024 og byrjað að endurgera námskrá skólans.</p>

<b>Uppeldis-og menntastarf</b>			
<b>Leikur og nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna</b>	Umræður á deildar- fag- og starfsmannafundum. Skráningar	Starfsmenn skólans tóku þátt í matinu, elstu börnin og foreldrar voru spurðir hvernig starfið hentaði þeirra barni/börnum í foreldraviðtölum í mars 2023	Á Völusteini og Töfrasteini skiptust börnin á við að ákveða hvað væri í boði að gera á valtímanum. Þau ákváðu viðfangsefni í hópastarfi og vísdomsstundum, komu með hugmyndir og voru studd í að útfæra þær. Á yngri deildum skólans skiptust börnin á að velja viðfangsefni í stöðvavinnu. Á Álfasteini og Dvergasteini þarf að gera þennan þátt sýnilegri næsta skólaár í öllu starfi deildanna.  Skipuleggja þarf betur þátttöku barna í að ákveða viðfangsefni í smiðju bjóða upp á meira verðlaust efni og frjálsa vinnu barnanna þar. Mikilvægt er að finna leiðir til að efla áhuga barnanna í smiðjunni og hjálpa þeim að velja viðfangsefni þar. Einnig þarf að sjá til þess að börnin á yngri deildum skólans fái að taka meiri þátt í að ákveða viðfangsefnin í skipulögðu starfi og frjálsum leik reglulega..
<b>Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að ná fram sjónarmiðum barna</b>	Umræður á deildar og starfsmannafundum. Skráningar	Deildarstjórar, allir starfsmenn skólans	Með því að börnin fái tækifæri til að koma fram með sjónarmið sín í starfi skólans eflist hugmyndaflug þeirra, þau þroskast í gegnum ferlið/námið og njóta betur starfsins og bernsku sinnar. Starfsfólk þarf að hlusta á börnin af athygli, virða hugmyndir þeirra og skoðanir og hjálpa þeim að útfæra hugmyndirnar. Þennan þátt í starfinu má alltaf bæta.  Halda áfram á sömu braut næsta skólaár
<b>Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku</b>	Umræður starfsmanna á deildar- starfsmanna og fagfundum. Skráningar	Deildarstjórar og stuðningsaðili	Unnið var með þau börn sem eru slök í íslensku og öll börn af erlendum uppruna. Snemmtæk íhlutun er í fyrirúmi þar sem leikskólakennari sem sér um málörvun í skólanum grípur inn í strax og spurningar vakna hjá starfsfólki um málþroska einstakra barna. Leikskólakennarinn skoðar málið og vinnur með viðkomandi barn/börn inni í barnahópnum styður við samskipti þeirra við önnur börn ef þess gerist þörf. Leikskólakennarinn vinnur með sérhverju barni 2-3 í viku þar sem málörvun á sér stað. Ef um verulega málþroska skerðingu er að ræða er send tilvísun til ÞB og óskað eftir frekari athugun talmeinafræðings með leyfi foreldra.
<b>Unnið sé markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi.</b>	Umræður á deildar- og fagfundum. Skráningar	Allt starfsfólk skólans.	Halda áfram að kenna börnunum fyrstu skref í sjálfbærni hvað varðar moltugerð og gróðursetningu og auka það svo smátt og smátt, kenna börnunum að nýta moltuna til gróðursetningar og hugsa um plönturnar sínar. Kennum börnunum að flokka rusl og af hverju við erum að flokka. Efla börnin í að bera virðingu fyrir náttúrunni og því sem hún gefur okkur. Í útikennslu er börnunum kennt hvað náttúran er okkur dýrmæt og nauðsynlegt að hugsa vel um hana.

<p><b>Að unnið sé markvisst að eflingu vísinda og rannsóknarstarfi meðal barnanna og það endurspeglit í námskrá og starfi</b></p>	<p>Umræður á deildar-, fag- og starfsmannafundum um eflingu vísinda og rannsóknarstarfs í skólanum.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Allt starfsfólk skólans</p>	<p>Í útikennslu er náttúran rannsökuð og börnin nota öll skilningarvit til að upplifa, uppgötva, þreifa á, sjá og finna það sem náttúran hefur upp á að bjóða. Stækkunargler, pokar til að tína í það sem fyrir augu ber og þeim finnst áhugavert var meðferðis í útikennslunni. Börnunum var gefið tækifæri á að gera tilraunir í flæði. Smásjár. ljósaborð, einingakubbar ýmsar tilraunir með vatn og hluti sem sökkva eða fljóta, hvernig við breytum lit vatnsins o.fl. o. fl. Útikennslan á Töfrasteini og Völusteini gekk vel og börnin áhugasöm og dugleg. Börnin á Töfrasteini gerðu ýmsar tilraunir í úrvinnslu útikennslunnar og börnin á Völusteini skoðuðu breytingar í náttúrunni eftir árstíðum. Úrvinnsla úr útikennslunni fór fram í smiðjunni og gekk vel.</p> <p>Hvetja starfsfólk til að koma með hugmyndir að vísinda og rannsóknarstarfi fyrir börnin.</p> <p>Myndskráningar og skráningar.</p>
<p><b>Unnið með heimamenningu allra barna og starfsmanna.</b></p>	<p>Ekki náðist að vinna með þennan þátt síðastliðið skólaár</p>	<p>Deildarstjórar</p>	<p>Þessi þáttur í starfinu misfórst algjörlega þetta skólaár. Börn af erlendum uppruna segja þó frá sínu landi þegar upp koma umræður um t.d. mat og matarmenningu eða annað sem þau vita að er öðruvísi en hér á Íslandi. Ekki náðist að gera þessa vinnu reglulega og markvisst.</p>
<p><b>Unnið að þróunarverkefni í öllum leikskólanum um málþroska barna.</b></p>	<p>Ekki var farið af stað með þetta verkefni síðastliðið skólaár</p>	<p>Skólastjóri</p>	<p>Skólastjórnendur ákváðu strax á haustdögum 2022 að geyma þróunarverkefnið að minnsta kosti um eitt til tvö ár þar sem margir starfsmenn voru að fara í veikindaleyfi í 4-6 vikur. Náði þessi veikindahrina til áramóta 22-23</p>
<p><b>Mannauður og leikskólabragur</b></p>			
<p><b>Að starfsfólk sæki símenntu</b></p>	<p>Á fagfundum og deildarfundum er rætt um nauðsyn þess að starfsfólk sæki símenntun og starfsfólk kemur með óskir um hvaða þætti það vill fræðast um.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Skólastjórar</p>	<p>Starfsfólk fékk fræðslu og endurmenntun í starfinu síðastliðið skólaár. Á skipulagsdegi 9. ágúst var farið yfir starfsáætlun komandi skólaárs, viðverustefnu, vinnustyttingu starfsmanna o.fl. (sjá kafla um fræðslu). Ráðstefna „Jákvæðir starfshættir og vellíðan á vinnustað“ á vegum leikskólans var haldin 24. nóvember 2022 (sjá kafla um fræðslu). Á skipulagsdegi 17. mars 2023 var kafað í kenningar Beritar Bae. Fræðsla um Útikennslu, Jafnlaunavottun skólans o fl. (sjá kafla um fræðslu).</p> <p>Nauðsynlegt er að starfsmenn skólans fái tækifæri til að fá fræðslu um skólastarfið og það hvernig það getur þroskað sig í starfinu. Markmiðið er að allir starfsmenn fái fræðslu að minnsta kosti tvisvar á ári.</p>

<p><b>Starfsfólk komi með hugmyndir í starfi og fái rými til að framkvæma þær</b></p>	<p>Umræður á deildar og fagfundum um að starfsfólk efli sig í þessum þætti starfsins.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Starfsmenn</p>	<p>Það sýnir sig að starfsmenn eru farnir að vera hugrakkari og duglegri að koma með hugmyndir í starfi skólans. Deildarstjórar komu fyrst með hugmyndir sem aðrir starfsmenn gátu valið úr hverju þeir stjórnðu með barnahópnum, þetta leiddi til þess að hugrekkið og áhuginn varð meiri og fólk fór að koma með hugmyndir sínar og framkvæma þær með börnunum. Má þar nefna í útikennslunni, vísindastarfi og starfi í smiðju. Efla þarf þennan þátt í starfinu enn frekar og hvetja starfsfólk áfram í þessum efnunum.</p>
<p><b>Að starfsfólk efli sig í starfi með börnunum, hvað varðar virka hlustun, virðingu, hvernig talað er við börnin, hvernig þeim eru sett mörk og starfsfólk sé meðvitað um tónhæð sína og raddblæ í samskiptum við börnin</b></p>	<p>Á öllum deildarfundum er rætt um mikilvægi þess að starfsfólk finni leiðir til að efla sig í þessum þáttum. Hvernig hver og einn geti bætt sig og sett sér markmið. Hvernig hinir fullorðnu geta verið góðar fyrirmyndir fyrir börnin</p> <p>Skráningar</p>	<p>Allir starfsmenn</p>	<p>Þessi þáttur þarf alltaf að vera til staðar í starfi skólans. Starfsfólkið er mikilvægasta aflið í starfinu með börnunum og mjög mikilvægt að það temji sér þessa þætti. Starfsfólki var meðvitaðra um tónhæð sína og raddblæ og að gefa börnunum tíma til að tjá sig og hlusta á þau.</p> <p>Misjafnlega gekk þó hjá starfsfólki að setja elstu börnunum mörk, sumt starfsfólk átti í erfiðleikum með það og varð mjög óöruggt hvernig það ætti að bregðast við óæskilegri hegðun barna, má þar helst nefna elstu börn skólans. Hér þarf að hjálpa starfsfólki að finna leiðir sem henta hverjum og einum starfsmanni fyrir hvert og eitt barn í þessum aðstæðum og mæta þeim á jákvæðan hátt. Á næsta skólaári verður unnið með þennan þátt í starfinu svo starfsmenn verði öruggari, hugrakkari og hugmyndaþróunari í vinnu sinni með hverju og einu barni á jákvæðan hátt.</p>
<p><b>Endurmat elstu barnanna á starfi skólans skólaárið 2022-2023</b></p>	<p><b>Elstu börnin í leikskólanum voru spurð spurninga um skólastarfið að vori.</b></p> <p><b>Hvað var skemmtilegast að gera í leikskólanum?</b></p> <p><b>Hvað var leiðinlegt eða erfitt að gera í leikskólanum?</b></p> <p><b>Hvað hefur þú lært í leikskólanum?</b></p> <p><b>Hvað hefðir þú vijað hafa/gera öðruvísi í leikskólanum?</b></p>	<p>Elstu börn leikskólans.</p>	<p><b>Hvað var skemmtilegast að gera í leikskólanum?</b></p> <p>Að leika með löggudót.</p> <p>Að gera leikrit í vísdóms.</p> <p>Stærðfræðibækurnar í vísdóms.</p> <p>Lita.</p> <p>Að leika leikrit í vísdóms.</p> <p>Ég elska að leika og skrifa í bókina.</p> <p>Að vera í legó.</p> <p>Bara að vera í vísdóms.</p> <p>Að lita.</p> <p>Úti að leika á sumrin.</p> <p>Leira.</p> <p>Að leika við Einar.</p> <p>Að leika við Aríu.</p> <p>Í vísdómsstund að lita með tússlitum.</p> <p><b>Hvað var leiðinlegt eða erfitt að gera í leikskólanum?</b></p> <p>Ég veit það ekki. Erfitt að gera kastala úr rörum.</p>



	<p><b>Vantaði eitthvað sem þig langar að hafa í leikskólanum?</b></p>	<p>Það er erfitt að perla með litlu perlunum.  Að föndra, það er gaman en það er erfitt.  Það er leiðinlegt í söngstund, erfitt í söngstundum og stundum setjast að borða, setjast og bíða svo lengi, það er svo erfitt.  Að perla það er erfitt.  Erfitt að mála og einbeita sér.  Erfitt að gera pússl.  Nei.  Veit ekki.  Veit ekki, það er erfitt að sauma en ég er fljót að sauma og ég tala rosa hratt.  Það er erfitt að gera smá stærðfræði en ekkert leiðinlegt.  Að pússla 100 og 200 bita pússl.  Að vera úti, maður þarf að klæða sig í svo mikið af fötum þá er svo erfitt. Ég vil bara vera í strigaskóm, stuttermabol og kjól.</p> <p><b>Hvað hefur þú lært í leikskólanum?</b>  Ekkert búin að læra.  Hlusta og skrifa, lesa og hlýða.  Ekkert.  Ég er búin að læra, ekki meiða, ekki sparka, klára matinn sinn. Solla er besta vinkona mín.  Í vísdóms, stærðfræði, skrifa stafi í stílabókina, ég hef lært þegar kennarinn sýnir hvað er hægt að gera.  Læra að fara í skóla.  Ég hef lært að vanda mig, að lesa og kubba.  Ég hef lært að vera góður strákur.  Dugleg að hlusta og lesa.  Að vera dugleg í ferðum.  Nei.  Legóbókin.  Lesi, læra litlu grísina, búin með allar blaðsíðurnar.  Ég er bara búin að læra svo mikið ég er búin að læra allt. Ég væri 10.000 daga að segja frá því.</p> <p><b>Hvað hefðir þú vijað hafa/gera öðruvísi í leikskólanum?</b>  Nei.  Ekkert.  Vera ný í leikskólanum, þá veit ég ekkert hvað ég á að gera.</p>
--	---	--

			<p>Hvað þýðir það, að skipta um dót?  Að prófa að lesa sjálf  Að við mættum horfa á eitthvað.  Að glápa á sjónvarpið og borða popp og drekka appelsín og coke.</p> <p><b>Vantaði eitthvað sem þig langar að hafa í leikskólanum?</b>  Sveppur Sveinsson hann er besti vinur minn.  Nei ekkert.  Nei, nei ég elska matinn.  Dótatöng til að leika sér að byggja hús úr legókubbum.  Stóra plús plús kubba.  Nei, en það vantar fleiri segulkubbakassa ef ég ætla að gera hús þá vantar mig alla segulkubbana.  Nei, annars vantar mig símann minn.  Perla með glimmerperlum.  Ég veit ekki.</p>
<b>Niðurstöður úr innra mati séu formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum</b>	Niðurstöður úr mati skólans kynntar helstu hafsmunaaðilum	Stjórnendur skólans kynna starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024 Unnið er eftir starfsáætluninni	Skólastjórnendur kynna starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024 fyrir starfsmönnum á skipulagsdegi 8. ágúst 2023 og foreldrum á foreldrafundum 14.-18 ágúst 2023

## Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Foreldrakönnun fór fram í maímánuði 2023. Könnunin var gerð á vegum Reykjavíkurborgar og fengu foreldrar spurningar til að svara.</b>	Könnunin var send foreldrum í tölvupósti til að svara spurningum.	Foreldrar barna í Vinaminni	Niðurstöður könnunarinnar er að sjá hér fyrir neðan.

Barninu líður vel í leikskólanum

4,50 4,78  
Fyrri könnun heild

Tel barnið mitt vera öruggt

4,47 4,67  
Fyrri könnun heild


Vingjarnlegt andrúmsloft

4,55 4,78  
Fyrri könnun heild


Skólanum er vel stjórnað

4,37 4,67  
Fyrri könnun heild


Meðalskor spurninga er varða barnið og starfið




Meðalskor spurninga er varða foreldra og starfið



Meðalskor spurninga er varða stjórnun og stefnu leikskólans



Meðalskor spurninga er varða upplifun af leikskólanum



Meðalskor spurninga í foreldrakönnun 2023

Spurning/Flokkur	Values							
	Heildarmeðaltal í Reykjavík	Heildarmeðaltal Leikskóla	Fyrri könnun	Meðaltal stráka	Meðaltal stelpna	Meðaltal 2 ára eða yngri	Meðaltal 3-4 ára	Meðaltal 5 ára eða eldri
<b>Barnið og starfið</b>	<b>4,47</b>	<b>4,39</b>	<b>4,66</b>	<b>4,27</b>	<b>4,54</b>	<b>4,46</b>	<b>4,30</b>	<b>4,42</b>
Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	4,21	4,15	4,61	4,14	4,17	4,32	4,00	4,11
Barnið hefur aðgang að skipandi efnivíð til að vinna verkefni í leikskólanum	4,47	4,53	4,64	4,35	4,75	4,52	4,50	4,64
Barnið mitt á góða félag/aðlagast vel í barnahópnum	4,47	4,37	4,60	4,22	4,54	4,54	4,14	4,42
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	4,47	4,41	4,71	4,26	4,59	4,41	4,41	4,42
Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	4,60	4,50	4,78	4,43	4,59	4,60	4,32	4,58
Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	4,58	4,45	4,68	4,34	4,59	4,53	4,45	4,25
Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	4,40	4,27	4,64	4,09	4,46	4,21	4,20	4,50
Starfsfólk íð styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	4,54	4,44	4,69	4,31	4,59	4,53	4,36	4,33
Starfsfólk íð þekkir þarfir barnsins míns	4,44	4,38	4,55	4,26	4,52	4,40	4,27	4,50
<b>Foreldrar og starfið</b>	<b>3,89</b>	<b>3,88</b>	<b>4,01</b>	<b>3,78</b>	<b>4,01</b>	<b>3,90</b>	<b>3,96</b>	<b>3,71</b>
Ábendingum mínum er vel tekið	4,15	3,97	4,22	3,94	4,00	4,10	4,10	3,42
Ég fæ greinargöð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	4,28	4,31	4,53	4,26	4,38	4,40	4,27	4,17
Ég get fengið ráð um upplíð, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	3,86	3,92	3,95	3,82	4,04	4,03	3,90	3,67
Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	3,82	3,85	3,68	3,68	4,07	3,72	3,95	4,00
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	3,94	3,92	3,75	3,71	4,17	3,77	4,14	3,92
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	3,98	4,06	4,34	3,91	4,24	4,18	4,05	3,83
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum	3,20	3,05	3,60	3,03	3,08	2,96	3,25	2,91
<b>Stefna og stjórnun</b>	<b>4,26</b>	<b>4,29</b>	<b>4,63</b>	<b>4,20</b>	<b>4,40</b>	<b>4,29</b>	<b>4,33</b>	<b>4,23</b>
Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	4,39	4,33	4,67	4,21	4,48	4,27	4,57	4,08
Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	4,04	4,13	4,45	3,91	4,38	4,00	4,32	4,08
Leikskólanum er vel stjórnað	4,35	4,37	4,70	4,35	4,39	4,45	4,27	4,36
Markvíst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	4,16	4,12	4,70	3,94	4,35	4,07	4,25	4,00
Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	4,23	4,08	4,42	4,11	4,03	4,27	3,86	4,00
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	4,33	4,59	4,77	4,56	4,62	4,66	4,50	4,58
Viðfangsefni í leikskólanum eru áhugaverð	4,36	4,42	4,74	4,29	4,57	4,33	4,52	4,45
<b>Upplífun af leikskólanum</b>	<b>4,53</b>	<b>4,46</b>	<b>4,66</b>	<b>4,38</b>	<b>4,55</b>	<b>4,48</b>	<b>4,42</b>	<b>4,46</b>
Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfnni í leikskólanum	4,42	4,41	4,37	4,20	4,66	4,27	4,41	4,75
Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	4,52	4,50	4,82	4,46	4,55	4,57	4,36	4,58
Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	4,60	4,47	4,67	4,40	4,55	4,50	4,41	4,50
Ég upplífi gott viðmót og samskipti við starfsfólk	4,62	4,56	4,70	4,46	4,69	4,63	4,55	4,42
Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	4,45	4,32	4,55	4,29	4,36	4,30	4,43	4,18
Það ríkir notalegt og vngjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	4,59	4,55	4,71	4,51	4,59	4,63	4,50	4,42
Þegar á heildina er lítið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	4,50	4,39	4,76	4,34	4,45	4,47	4,32	4,33

Spurningar í foreldrakönnun - Hlutföll 2023


SpurningFlokkur Q		Spurning Q		Values				
		Hlutfall sammála	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósammála	Hlutfall sammála stelpna	Hlutfall sammála stráka	Hlutfall sammála í Reykjavík	Hlutfall sammála - fyrri könnun
Barnið og starfið	Barnið fær tækifæri í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	75,0%	21,2%	3,8%	73,9%	75,9%	87,3%	96,3%
	Barnið hefur aðgang að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum	91,9%	8,1%	0,0%	100,0%	85,3%	93,3%	96,2%
	Barnið mitt á góða félag/aðlagast vel í barnahópnum	88,3%	8,3%	3,3%	92,9%	84,4%	92,3%	94,5%
	Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	92,1%	6,3%	1,6%	93,1%	91,2%	93,6%	98,3%
	Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	93,8%	4,7%	1,6%	96,6%	91,4%	96,2%	96,6%
	Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	92,2%	4,7%	3,1%	96,6%	88,6%	94,2%	96,4%
	Í leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfstraust barnsins	80,0%	18,3%	1,7%	85,7%	75,0%	89,9%	98,2%
	Starfsfólkið styður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	92,2%	3,1%	4,7%	96,6%	88,6%	95,6%	98,2%
	Starfsfólkið þekkir þarfir barnsins míns	92,2%	6,3%	1,6%	93,1%	91,4%	94,7%	98,3%
Foreldrar og starfið	Ábendingum mínum er vel tekið	69,4%	24,2%	6,5%	72,4%	66,7%	77,0%	80,0%
	Ég fæ greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarfið	89,1%	6,3%	4,7%	89,7%	88,6%	85,8%	89,8%
	Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	67,7%	22,6%	9,7%	71,4%	64,7%	67,4%	75,4%
	Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	67,7%	22,6%	9,7%	78,6%	58,8%	64,3%	58,9%
	Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	70,3%	15,6%	14,1%	79,3%	62,9%	72,3%	62,7%
	Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	72,6%	19,4%	8,1%	75,9%	69,7%	69,0%	82,1%
	Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum	37,5%	33,9%	28,6%	38,5%	36,7%	40,2%	59,6%
	Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	85,7%	14,3%	0,0%	93,1%	79,4%	87,8%	96,5%
	Ég þekki stefnu/áherslur og gildi leikskólans	81,3%	12,5%	6,3%	86,2%	77,1%	80,8%	91,7%
Stefna og stjórnun	Leikskólanum er vel stjórnað	87,1%	9,7%	3,2%	85,7%	88,2%	89,6%	94,7%
	Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	82,5%	10,5%	7,0%	88,5%	77,4%	84,0%	98,0%
	Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	79,7%	14,1%	6,3%	72,4%	85,7%	85,5%	91,7%
	Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	95,2%	3,2%	1,6%	93,1%	97,1%	89,1%	100,0%
	Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	93,5%	6,5%	0,0%	96,4%	91,2%	91,3%	100,0%
	Ég fæ góðar upplýsingar um hvað er á döfinni í leikskólanum	87,5%	10,9%	1,6%	96,6%	80,0%	89,4%	84,7%
	Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	85,9%	12,5%	1,6%	86,2%	85,7%	90,9%	94,7%
	Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	89,1%	7,8%	3,1%	89,7%	88,6%	95,8%	96,7%
	Ég upplif gott viðmót og samskipti við starfsfólk	93,8%	4,7%	1,6%	93,1%	94,3%	94,6%	98,3%
Upplifun af leikskólanum	Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	87,1%	9,7%	3,2%	85,7%	88,2%	92,7%	92,9%
	Það ríkir notalegt og vinkjarnlegt andrúmsloft í leikskólanum	90,6%	6,3%	3,1%	89,7%	91,4%	95,1%	96,6%
	Þegar á heildina er litið, er ég ánægð(ur) með leikskólann	87,5%	9,4%	3,1%	86,2%	88,6%	93,3%	96,6%

Hér fyrir neðan getur þú skrifað athugasemdir við svör þín í könnuninni eða annað sem þú vilt koma á framfæri um leikskólastarfið:


Svar	
Á heildina lítið erum við mjög ánægð með leikskólann Vinaminni. Eina sem mætti bæta er utisvæðið, það er komin tími á viðhald.	
Ánægð með Vinaminni og börn liða vel þar	
Bæta mætti útisvæði, margt orðið lúíð, einnig væri gaman að sjá meiri fjölbreytni í daglega morgunmatnum	
Er ótrúlega glöð með starfið ykkar. Eina sem ég myndi vilja sjá bætingar á er rafræn upplýsingagjöf. T.d. hætta að prenta út myndir og senda þær frekar á foreldra. Eins að senda manni upplýsingar um hvernig barnið borðar og sefur. Mér finnst ég heilt yfir með verri upplýsingar en aðrir um það sem fer fram í leikskólanum dags daglega.	
Ég myndi vilja sjá tíðari uppfærslur á heimasíðu þar sem ég sem foreldri gæti lesið mér til um hvað börnin eru að brasa í leikskólanum. Eins mætti uppfæra hluti á heimasíðunni eins og nöfn starfsfólks á deildinni og matseðil vikunnar. Svo þætti mér gaman að hafa aðgang að myndum sem teknar eru af barninu í leikskólastarfinu. T.d. á læstu vefsvæði eða í gegnum app eins og ég veit að einhverjir leikskólar nota.	
Gaman væri að geta ávallt séð hvað þau fá að borða á daginn, er stundum birt á heimasíðu skólans. Stundum koma myndir en það væri frábært að fá enn fleiri. Að lokum vil ég taka fram hvað ég er þakklátt foreldri með Vinaminni og samstarfið við þau.	
Its the best pre school and i feel my Child is 100% happy and safe there.	
Má bæta útisvæði. Laga útihurð, lokast ekki alveg. Á vetrum vantar miklu betri snjóhreinsun og hálkuvarnir almennt fyrir foreldra og börn á útisvæði. En í heildina góður leikskóli	
Mjög ánægð með það sem ég hef séð af leikskólanum en upplýsingafæði mætti vera betra um hvað fer fram og væri gaman að fá upplýsingar og myndir sendar ur daglegu starfi.	
Mjög góður leikskóli með mjög gott starfsfólk með fjölbreytta menntun. Tekur vel á sérþörfum og aukþjónustu sem tengist t.d. málproska barna. Umhverfið er einstaklega gott og persónulegt andrúmsloft og samskipti við starfsfólk. Stundarskrá deilda leikskólans er mjög metnaðarfull og flott og sumarstarfið einnig mjög fjölbreytt. Leikskólinn hefur veitt afbragðsþjónustu þar sem lítið er um auka frídaga og það hefur nær aldrei verið skert þjónusta vegna manneklu þannig að börn voru send heim (fyrir utan eitt skipti í covid).	
Mætti gera upp útisvæði, leiktæki komin vel til ára sinna.	
Mætti mála útisvæði eða endurnýja leiktæki. Mætti einnig vera meiri stöðugleiki á starfsfólki, mikið verið að færa starfsfólk á milli deilda án þess að útskýrt sé fyrir foreldrum af hverju.	
Mætti skoða hollari kosti og fá álit foreldra ef gef á fæðu sem er ekki sjálfgefin líkt og ís, bollur með súkkulaði, mýsing o.fl.	
Óviss með stefnu leikskólans, erum mjög ánægð með skólan og barnið er ánægð í skólanum en myndum vilja óskast eftir betri/meiri samskipti milli skóla og foreldra.	
Svar við sumum spurningum eiga við vegna skorts á fagfólki og aðilum sem hafa þroska til umönnunar barna. Í stuttu máli þá má segja að ungir og óreyndir einkenna starfsmenn leikskólans.	
Vinaminni er alveg einstakur leikskóli og þó við séum flutt í burtu úr hverfinu að þá kemur ekki til greina að skipta um leikskóla ❤️	
We really love the kindergarten, everyone is so welcoming and lovely to my daughter and tries their very best to communicate with me in English. I'm extremely grateful for my daughters place in Vinaminni	
Það eru nokkrar spurningar sem okkur er ætlað að vera já og nei, eins og ég held að ef barnið mitt upplifi sig öruggt með leikskólann og umhverfið, og annað er hvort ég er ánægð með viðhorf starfsmanna og samskipti við barnið mitt. Fyrsta spurning, þau hafa verið nokkur skipti þar sem barnið mitt hefur neitað að fara í skólann með því að segja að það sé kvíðið og hrædd og finnst ekki öruggt að fara í skólann einfaldlega vegna þess að það er ákveðinn krakki sem leggur hann í einelti á meðan starfsfólkið fylgist með og hvenær sem það tilkynnir eða kvartar við starfsfólk, hann fær ekki þessa athygli eða umhyggju eða samviskubit bara öðru hvoru þeir segja hinum krakkanum	

## Spurningar er varða viðbótar stuðning

Hefur barnið notið viðbótar stuðnings í leikskólanum (t.d. vegna málþroska, samskiptavanda eða he...



Meðalskor spurninga er varða viðbótar stuðninginn



## Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Stjórnun</b>							
<b>Stjórnendur sem faglegir leiðtogar</b>	Að Leikskólastjórar og deildarstjórar séu fyrirmyndir og faglegir leiðtogar, skipuleggi starf deildanna og leiðbeini starfsmönnum á jákvæðan hátt og sjái til þess að starfið sé áhugavert og þroskandi fyrir börnin	Umræður á deildar- og starfsmannafundum um gæði náms. Starfsfólkið er mikilvægasta aflið í starfi skólans og mikilvægt að það sé tilbúið til að taka virkan þátt í starfinu, sýni börnunum virðingu, beiti virkri hlustun, sýni þeim vináttu, velvild og kærleika.  Skráningar	Deildarstjórar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildar- og starfsmannafundum.  Skráningar	Efla áhuga og vitund starfsfólks á starfinu með börnunum og auka þannig gæði náms og starfs. Skólastjórar og deildarstjórar séu fyrirmyndir fyrir aðra starfsmenn og kenni starfsmönnum fagleg vinnubrögð. Að börnin fái fjölbreytt viðfangsefni sem stuðli að auknum þroska barnanna á öllum sviðum. Að börnin hafi um það að segja hvaða viðfangsefni þau vinna með.  Mikilvægt er að deildarstjórar styðji við starfsmenn í því að vinna eftir starfsáætlun og skólanámskrá skólans á öllum deildum. Það sé unnið markvisst að markmiðum skólans og þeirri hugmyndarfræði og kenningum sem stuðst er við í uppeldis- og kennslufræðilegum skilningi.



<b>Faglegt samstarf</b>	Að lýðræðisleg vinnubrögð einkenni samstarf í leikskólanum	Umræður á starfsmanna-, deildar- og fagfundum um lýðræðislegt samstarf í leikskólanum jákvæð gagnrýni og sjálfsgagnrýni. Gefa og þiggja endurgjöf til að þroskast í starfi  Skráningar	Skóla- stjórar og deildar stjórar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Á deildar og fagfundum í starfsmanna-samtölum og í foreldraviðtölum  Skráningar	Lýðræðislegar áherslur verði skýrar í starfi skólans.  Mikilvægt er að fagaðilar skólans vinni vel saman, hlusti hver á annan og allir hafi áheyrn. Virðing starfsmanna á milli, er forsenda þess að lýðræðislegt og faglegt samstarf eigi sér stað í skólanum.  Starfsmenn leysi ágreiningsmál strax sín á milli svo ólund og leiði nái ekki að krauma í starfsmannahópnum, það veldur óánægju og óöryggi hjá starfsmönnum sem yfirferist á börnin. Virðing, velvild og hjálpssemi starfsmanna á milli þarf að vera til staðar í starfinu þannig nást lýðræðisleg og fagleg vinnubrögð meðal starfsmanna. Þannig næst faglegt samstarf og notalegt andrúmsloft á vinnustaðnum.  Þessi þáttur þarf að vera áhersluþáttur árlega í skólanum.
<b>Þróunarverk efni í málörvun barna</b>	Starfsfólk skólans byrji að undirbúa þróunarstarfið	Starfsmenn skrái niður hvaða verkefni við erum að nota í málörvun, hvað er til, hvaða bækur, spil, verkefni notum við fyrir hvaða aldur, hvað vantar.  Skráningar	Skóla- stjórn- endur	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildarfundum og starfsmannafundum.  Skráningar	Að gera málörvunarstarfið sýnilegra og markvissara og allir starfsmenn geti gengið í verkefnin og unnið markvisst að málörvuninni með öllum aldurshópum og öllum börnum skólans.  Á næsta skólaári verður lögð áhersla á að skrá allt það sem notað er til málörvunar fyrir hvern aldurshóp fyrir sig svo starfið verði markvissara og sýnilegra starfsmönnum og foreldrum.

<b>Skólanám- skrá</b>	Leikskóla- stjórar vinna áfram að framkvæmd endurgerðrar skóla- námskrár. Þegar ný aðalnámskrá hefur verið gefin út	Á skipulagsdegi 8. ágúst 2023 skiptaleikskóla- stjórar viðfangsefnum milli starfs- mannahópa sem vinna að umbótum skólanámskrár- innar skólaárið 2023-2024  Skráningar	Leikskólastjórar	8. ágúst 2023	30. júní 2025	Umræður á deildar- fag og fundum um starf skólans framkvæmd og vinnu við endurgerð skólanámskrárinnar.  Skráningar.	Að endurgerð skólanámskrár verði unnin yfir skólaárið 2023- 2024 eftir því sem hægt er. Að í endurgerðri skólanámskrá komi fram þær áherslur í starfinu sem starfsmenn leggja til grundvallar í starfinu með börnunum og sem segir í aðalnámskrá menntamálaráðuneytisins
---------------------------	---	---	------------------	------------------	------------------	---	--

Uppeldis- og mennta- starf							
<b>Leikur og nám- lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna</b>	Halda áfram að efla börnin í að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda. Leita eftir hugmyndum barnanna og þau studd í að útfæra og framkvæma þær. Börnin hafi val um viðfangsefni í skipulögðum stundum og í frjálsum leik á öllum deildum skólans.	Börnin á öllum deildum skólans skiptast á við að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og viðfangsefni í frjálsum leik. Á eldri deildun- um fá börnin tækifæri til að koma með hugmyndir og kennarar hjálpa þeim að útfæra hug- myndirnar. Við- fangsefni höfð aðgengileg og í sjónhæð allra barnanna svo þau geti haft góðan aðgang að viðfangsefnun- um	Deild- ar- stjórar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður við börnin, skráningar og mynd- skráningar. Starfsmenn skrái hvaða börn ákveða viðfangsefnin hverju sinni og hvaða viðfangsefni eru valin. Unnið með niðurstöður til úrbóta að vori. Öll börn fá sömu tækifæri. Skráningar.	Að börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik og þau séu studd í að útfæra og framkvæma hugmyndir sínar. Börnin njóti þannig starfsins þau læri í gegnum leikinn á eigin forsendum. Að börnin læri að þeirra hugmyndir séu jafngóðar hugmyndum annarra og læri að stundum þarf að kjósa um hugmyndir og sú hugmynd sem fær flest atkvæði verðu notuð til verksins.  Þessi þáttur í starfi skólans er mjög mikilvægur og kominn til að vera.

<b>Fjölbreyttar leiðir séu farnar til að ná fram sjónarmiðum barna</b>	Að hinir fullorðnu hlusti á börnin af athygli, virði hugmyndir og skoðanir barnanna og hjálpi þeim að útfæra hugmyndirnar.	Hlusta á börnin af athygli, tala við þau, ræða um hugmyndir þeirra við þau, hrósa þeim og hvetja þau áfram svo þau eflist í hugmyndum sínum. Skrá hugmyndir þeirra og hjálpa þeim að útfæra þær. Skráningar	Allt starfsfólk skólans	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Skrá niður leiðirnar sem eru farnar til að fá fram hugmyndir barnanna. Skoða hvaða aðferðir virka best til að ná fram sjónarmiðum barnanna.  Skráningar.  Metið á starfsmannafundum, deildarfundum og í samtali við börnin að vori.	Með því að börnin fái tækifæri til að koma fram með sjónarmið sín í starfi skólans eflist hugmyndaflug þeirra, þau þroskast í gegnum ferlið/námið og njóta betur starfsins og bernsku sinnar
<b>Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku</b>	Leitað verði leiða til að fá fram raddir barna sem ekki hafa færni í íslensku.	Innlögn á TMT á öllum deildum skólans. Börnin skiptast á að velja tákn vikunnar. Myndrænt dagskipulag. Myndrænt einstaklingsskipulag fyrir þau börn sem þurfa meiri stuðning í máltökunni. Auka hópastarf hjá elstu börnunum til að þjálfa samskipti og tjáningu.  Sagnalestur og söngur. Einstaklings málörvunarstundir fyrir þau börn sem þess þurfa og því fylgt eftir	Stjórnendur og stuðningsaðilar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Skráningar, samskipta-bækur, umræður starfamanna á deildar- og fagfundum.  Skráningar	Að börn sem þurfa á örvun að halda í málþroska fái alla þá örvun sem kostur er á í skólalastarfinu. Að börnin skilji dagskipulagið og hvað er fram undan í starfinu. Að þau geti tjáð sig um það sem þeim liggur á hjarta, geti notað TMT tákn til að tjá sig og síðan íslenska málið. Að auka orðaforða og samskipti allra barnanna. Þannig öðlast börnin öryggi og vellíðan í skólanum.

		með stuðningi á deild inni í barnahópinn. Skráningar					
<b>Unnið sé markvisst að uppeldi til sjálfbærni og það endurspeglar bæði í námskrá og starfi.</b>	Haldið áfram með þetta ferli, börn og starfsmenn gera moltu með afskurði ávaxta	Halda áfram að gera moltu með börnunum og þeim kennt að nýta moltuna. (Þegar moltan er tilbúin til brúks).  Börnin gróðursetja fræ að vori / hausti og fylgjast með plöntunum vaxa og sjá um þær. Börnin læri að flokka rusl og virða náttúruna.  Skráningar	Deildarstjórar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður við börnin og umræður á deildar og starfsmannafundum.  Skráningar	Að kenna börnunum fyrstu skref í sjálfbærni hvað varðar moltugerð og gróðursetningu blóma og grænmetis og auka það svo smátt og smátt. Kennum börnunum að flokka rusl og af hverju við erum að flokka. Efla börnin í að bera virðingu fyrir náttúrunni og því sem hún gefur okkur.  Kemur fram í endurgerðri námskrá.
<b>Blær</b>	Blær er bangsi sem stuðlar að vináttu og góðum samskiptum barnanna á milli.	Allir starfsmenn skólans fá námskeið og leiðsögn í að vinna með Blæ í barnahópnum  Skráningar	Allir starfsmenn	1. sept 2023	1. júní 2024	Umræður á deildar- og starfsmannafundum  Skráningar	Vinátta felst í því að fyrirbyggja einelti með því að móta góðan skólabrag, eiga góð samskipti, efla félagsfærni og að hafa jákvæð viðhorf til allra í hópnum. Lögð verður áhersla á að allir starfsmenn og börn vinni að vináttu og góðum samskiptum og taka á óæskilegum málefnum ef/þegar þau koma upp.
<b>Umgengni í leikskólanum</b>	Að starfsfólk séu góðar fyrirmyndir barnanna hvað varðar að ganga vel um í skólanum.	Að starfsfólk gangi vel um skólann og séu góðar fyrirmyndir fyrir börnin. Starfsfólk hjálpi börnunum að halda utan um eigur sínar í fataherbergjum, hengja upp útiföt, raða skóm og stígvélum í skóhillur, taka upp	Allir starfsmenn	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildarfundum  Skráningar	Að allir leggist á eitt við að hafa leikskólann snyrtilegan og fallegan. Þá líður börnunum og starfsfólki miklu betur í starfi og leik.

		<p>vettlinga, húfur og sokka og setja í fatahólf barnanna.</p> <p>Hjálpa börnunum að ganga frá leikföngum og leikefni á rétta staði.</p> <p>Starfsfólk sópi fataherbergi, gangi frá útifötum eftir sig, gangi frá eftir sig í kaffistofu og gangi vel um leikskólann í heild.</p>					
<b>Matmáls-tímar</b>	<p>Nú þegar Covid er á bak og burt er nauðsynlegt að taka aftur til hendinni og leyfa börnunum að skammta sér sjálf á diskana, hella í glasið sitt og nota hnífa og gaffla á öllum deildum.</p>	<p>Umræður á deildarfundum, styðja starfsfólkið í því að leyfa börnunum að hjálpa sér sjálf við matarborðið. Á yngstu deildum skólans þarf að halda í ausuna með börnunum þegar skammtað er á diskana og halda í könnuna þegar hellt er í glösin.</p> <p>Skráningar</p>	Deildarstjórar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	<p>Á deildarfundum er rætt um hvernig gengur og tekur frekari ákvarðanir</p> <p>Skráningar</p>	<p>Efla sjálfstæði barnanna og kenna þeim að skammta sér sjálf á diskana. Þannig njóta þau matarins betur og læra að skammta á diskana það magn sem þau borða og geta svo fengið sér meira á diskinn ef þau vilja. Að leyfa börnunum að hella sjálf í glasið sitt vatni og mjólk. Að börnin læri að nota hnífa og gaffla á öllum deildum skólans.</p>

Mannauður/ Leikskóla- bragur							
<b>Að starfsfólk sækir símenntun</b>	Að hver starfsmaður sækir námskeið sem hentar starfi deildarinnar eða fari í heimsóknir á leikskóla og fræðist um leikskólastarfið þar, fá hugmyndir og upplýsingar sem nýtast í starfinu í Vinaminni. Fræðslan fari fram minnst 2svar á ári, einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn.  (sjá Fræðsla)	Ýmist eru fengnir fyrirlesarar sem koma með fræðslu í skólann, starfsmenn fari á námskeið í gegnum internetið og einnig fá starfsmenn tækifæri til að sækja námskeið utan skólans og fara í heimsóknir í aðra leikskóla til að kynna sér starf þar.  Skráningar	Skólastjórnendur	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Leikskólastjóri og deildarstjórar skrá niður hvaða námskeið hver starfsmaður fer á yfir skólaárið	Símenntun starfsmanna eflir starfsmenn í starfinu með börnunum, starfsmenn verða hugmyndaríkari, áhugasamari, glaðari og njóta sín betur í starfinu með börnunum.  Stefna skólans er að allir starfsmenn fái endurmenntun að minnsta kosti tvisvar á ári.  Endurmenntun skólaárið 2023-2024  8. ágúst kl. 8:30-10:30 2023 Þóra Sæunn Úlfadóttir og Emelía Rafnsdóttir hjá MML koma með fræðslu um „Gæðamálörvun í daglegu starfi“, Mixtúru og MÚÚ og MML hæfnisrammar sem eru staðir og efni sem stendur okkur til boða.  Þann 8. ágúst kl: 13:00-15:00 Unnur og Hrafnhildur hjá Hugarfrelsi koma með fræðslu um „Vellíðan í leik og starfi“  Sjá nánar um endurmenntun starfsmanna skólaárið 2023-2024 í kaflanum „Fræðsla“

<b>Starfsfólk komi með hugmyndir í starfi og fá rými til að framkvæma þær</b>	Að starfsfólk sé hvatt til að koma með hugmyndir sínar að nýjungum í starfi á framfæri	Hlusta á starfsfólkið, hrósa starfsfólkinu þegar það kemur með hugmyndir, gefa fólki svigrúm til að framkvæma hugmyndir sínar, styðja starfsfólk í að útfæra hugmyndir sínar.  Skráningar	Allir starfsmenn	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður í starfsmanna- hópnum, á deildar og á starfsmanna- fundum.  Skráningar.	Ánægt, áhugasamt, hugmyndaríkt starfsfólk gefur meira af sér til barnanna og öllum líður vel.  Mjög mikilvægur þáttur sem þarf alltaf að vera áhersluþáttur.
<b>Að starfsfólk efli sig í starfi með börnunum, hvað varðar virka hlustun, virðingu, hvernig talað er við börnin, hvernig þeim eru sett mörk og starfsfólk sé meðvitað um tónhæð sína og raddblæ í samskiptum við börnin</b>	Að starfsmenn skoði sjálfa sig í starfinu með börnunum og efli sig í virkri hlustun og að bera virðingu fyrir börnunum tala við þau í lágum tónum og leyfa þeim að ráða ferðinni upp að ákveðnu marki. Styðjast við kenningar Beritar Bae um samskipti fullorðins og barns.	Að starfsfólk hjálpist að, minni hvert annað á með virðingu og fallegum orðum, starfsfólk hrósi hvert öðru fyrir að reyna og þegar vel tekst til. Halda áfram að kafa í kenningar Beritar Bae og þjálfar sig í fallegum samskiptum við börnin.  Skráningar	Allir starfsmenn	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildar- og starfsmannafundum. Skráningar. Rætt um hvernig hægt sé að bæta sig enn betur í virkri hlustun, virðingu við börnin, tónhæð sinni og að leyfa börnunum að taka ákvarðanir.  Skráningar	Forsenda þess að börnunum líði sem best í leikskólanum er að það sé borin virðing fyrir þeim, það sé talað fallega til þeirra og virk hlustun sé í aðalhlutverki í samskiptum við börnin. Að börnin fá að taka ákvarðanir um sig sjálf og fara eftir þeim.  Starfsfólk þarf að þjálfar sig í að skilja að ákvarðanir barnanna eru fyrir þau og þau geta sjálf ákveðið svo margt fyrir sig. Dæmi: Gunnar litla vill ekki fara í pollavettlingana út í hellirigingu, heldur fara í lopavettlingana sem hún fékk í gær frá ömmu. Starfsmaðurinn sem er að aðstoða Gunnar litlu við að klæða sig út vill að Gunnar litla fari í pollavettlingana svo hún verði ekki köld og blaut. Gunnar litla er búin að hlakka til að nota nýju vettlingana sína úti í rigningunni, hún verður leið og fer að gráta. Af hverju má Gunnar litla ekki ákveða hvaða vettlinga hún hefur????? Hverjar eru afleiðingar þessa samskipta starfsmannsins og barnsins fyrir báða aðila?



<p><b>Að starfsmenn efli sig í að sýna ábyrgð og sjálfstæði í starfi og fari í sjálfsskoðun hvað varðar þroskamögu leika þeirra í starfinu.</b></p>	<p>Að starfsfólk efli sig í að sýna ábyrgð í starfi. Að hver og einn starfsmaður skoði sig vel og starfsaðferðir sínar með jákvæðri gagnrýni með það í huga hvaða þroska möguleika þeir eigi í ferlinu.</p>	<p>Að starfsfólk læri að taka ábyrgð í starfi, þeir finni og læri aðferðir sem henta hverju og einu barni. Taki ábyrgð á ýmsum verkefnum með börnunum, skoði hugmyndir sínar og gjörðir og athugi hvernig þeir geti gert betur eða öðruvísi svo starfið gangi betur.</p>	<p>Allir starfsmenn</p>	<p>8. ágúst 2023</p>	<p>30. júní 2024</p>	<p>Umræður starfsmanna á deildar- og starfsmannafundum um það hvernig starfsmönnum gengur að setja sér markmið og efla sjálfstæði sitt og skoða sjálfan sig með þroska möguleika starfsfólks í huga.</p> <p>Fá til okkar fagaðila sem hjálpa starfsmönnum við að vinna þessa sjálfsvinnu</p> <p>Skráningar</p>	<p>Að starfsmenn verði öruggir, sjálfstæðir í starfinu með börnunum. Að starfsmönnum líði vel í starfi og finni leiðir til að setja elstu börnum skólans mörk á jákvæðan og uppbyggilegan hátt og geti þannig öðlast traust þeirra, virðingu og tengsl.</p>
---	---	--	-------------------------	----------------------	----------------------	--	---

Innra mat							
<b>Niðurstöður úr innra mati séu formlega kynntar helstu hagsmunaaðilum</b>	Á skipulagsdegi 8. ágúst 2023 verða niðurstöður úr innra mati kynntar starfsfólki. Á foreldrafundi í ágúst verða niðurstöður kynntar fyrir foreldrum.	Umræður starfsmanna um hvernig unnið verði með börnunum næsta skólaár þannig að umbætur í starfsáætlun fyrir skólaárið 2023-2024 nái fram að ganga. Á foreldrafundi í ágúst 2023 verður starfsáætlunin kynnt fyrir foreldrum	Leikskólastjóri	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður starfamanna á skipulags og starfsmannafundum. Skráningar.	Starfsfólk tekur þátt í umbótum í starfi, og finnur hvað þarf að bæta í starfinu. Starfsfólk verður ábyrgðarfullra og vandvirkara í starfinu með börnunum. Foreldrar fá upplýsingar um umbætur í starfi skólans.  Leikskólastjóri býður öllum foreldrum sem eru að byrja með barn sitt í leikskólanum á kynningarfund. Farið er yfir áherslur í starfi skólans og foreldrar hvattir til að lesa skólanámskrá og starfsáætlun skólaársins sem eru á heimasíðu Vinaminnis. Þá biður skólastjóri foreldra að senda sér línur um það sem þau vilja fá út úr leikskólagöngunni fyrir barnið sitt, hvað þeim finnst gott í starfinu og hvað má bæta. Þannig fá foreldrar kjörið tækifæri til að koma með hugmyndir og breytingar að starfinu og allir verða ánægðari.

### 3 Innra mat deilda 2022-2023

#### Innra mat – Álfasteinn 2022-2023

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Málþroski barnanna á deildinni, starfsfólk hvatt til að setja orð á hluti og athafnir allan daginn, hafa lestrar og söngstundir 2svar á dag.</b>	Umræður starfsmanna á deildarfundum. Skráningar.	Starfsmenn deildarinnar	Samverustundir þar sem lesið er fyrir börnin, skoðaðar myndir, sungið og leikið fóru vel af stað í byrjun skólaárs og fram að áramótum. Eftir áramót var börnunum skipt í tvo hópa í þessum stundum og gekk það mun betur. Söngstundir og sögustundir þurfa að vera markvissari tvisvar á dag alla daga.
<b>TMT og ritmál sýnilegt á deildinni</b>	Umræður starfsmanna á deildarfundum. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	TMT var notað í daglegu starfi á deildinni og börnin voru farin að þekkja ýmiss ták. Táknin voru ekki hengd upp á deildinni og höfð sýnileg fyrir börnin. Unnið áfram með TMT næsta skólaár og táknin höfð sýnileg fyrir börnin á deildinni. Þessi þáttur þarf að koma meira inn næsta kólaár.
<b>Líkamsvitund barnanna eflid</b>	Umræður starfsmanna á deildarfundum. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Í söng voru börnin eflid í að þekkja líkamshluta sína. Í samveru eru börnunum sýndar myndir af líkamshlutum og þau benda á hvar líkamshlutarnir eru hjá þeim. Gekk vel og börnin áhugasöm. Haldið áfram með þetta verkefni næsta skólaár.
<b>Að starfsfólk efli sig í starfinu með yngstu börnunum og verði öruggara í kennslu.</b>	Umræður með starfsfólki deildarinnar og starfsfólk fái fræðslu um hvaða þroska þætti er verið að efla hjá börnunum í leik og starfi á deildinni. Skráningar.	Starfsfólk deildarinnar	Starfsfólk efli sig í því að sitja með börnunum í leiknum og leika með þeim, tala við þau um það sem þau eru að gera og kenna þeim t.d að kubba, að setja formkubba í kassa, að klæða dúkkurnar í föt o.s.frv. Starfsfólk sýni börnunum óskipta athygli og áhuga í starfinu og sinnti þeim af gleði, alúð og kærleika. Starfsmenn voru mjög duglegir að leika með börnunum á Álfasteini og baða þau í íslensku máli, hafa orð á hlutum og athöfnum. Gekk mjög vel.
<b>Útivera</b>	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Starfsfólk deildarinnar	Að gefa börnunum tækifæri til að fara út að leika þegar veður og aðstæður leyfa. Að alltaf fari helmingur barnanna út þannig að öll börnin fari út að minnsta kosti 2-3 í viku. Efla börnin í grófhreyfingum, klifri og úthaldi.

## Umbótaáætlun Álfasteinn 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR R MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferðir	Viðmiðum árangur
<b>Málproski barnanna eflidur.</b>	Efla orðaforða barnanna. Þar með að efla börnin í samskiptum við aðra í töluðu máli	Deildarstjóri leiðbeinir starfsfólki og hvetur það á jákvæðan hátt til að tala meira við börnin. Setja orð á athafnir og hluti allan daginn í öllum stundum. Hafa lestrarstundir og söngstundir tvisvar á dag. Hvetja starfsfólk til að sitja með börnunum í leik, efla þau og styrkja í leik, samskiptum og íslensku máli.	Deildarstjóri og starfsfólk deildarinnar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildarfundum, skráningar. Samtöl við foreldra.  Skráningar	Að börnin öðlist færni í máltöku og í íslensku máli og geti farið að nýta það í samskiptum við aðra.
<b>TMT og ritmál sýnilegt á deildinni</b>	Börnin geti tileinkað sér einföldustu tákni TMT	Nota tákni með töluðu máli. Alltaf sömu 3-4 tákni eru tekin í mánuð og svo bætt inn í eftir því sem börnin eldast. Myndir hvers tákns sýnilegt á deildinni.  Skráningar	Deildarstjóri	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildarfundum, skráningar, umræða við foreldra í foreldra-viðtölum. Skráningar	Að börnin verði fær um að þekkja og nota einföld tákni þegar það á við. Hafa tákni sýnilegt á deildinni.
<b>Líkamsvitund barnanna eflid</b>	Unnið með heiti líkamshluta með börnunum	Benda á líkamshlutana og nefna heiti þeirra, skoða bækur, skoða sig í spegli, syngja söngva og skoða myndir sem tengjast efninu. Hafa myndir af	Deildarstjóri	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildarfundum yfir skólaárið. Skráningar	Að börnin eflist í líkamsvitund sinni og læri að þekkja líkamshluta sína.

		fólki sýnilegar á deildinni fyrir börnin. Skráningar					
Stöðvavinna 4 börn í hverjum hóp með einum starfsmanni. Í bland við frjálsan leik á deildinni	Vinna í litlum hópum með börnin á fjölbreyttum leikstöðvum. Einn starfsmaður með hvern barnahóp.	Börnin fara í leik á fjölbreyttum leikstöðvum eins og t.d. hreyfipraut, kubbaleikir, boltaleikir, einbeitingarviðfangsefni eins og púsl, leir, litir, stórir pinnar, dúkkur, dýr, bílar, listasmiðja o.fl. Starfsmenn fylgja barnahópnum sínum milli stöðva eftir c.a.5-10 mínútur eða þegar úthald barnanna á stöðvunum er á þrotum. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Á deildarfundum yfir skólaárið. Skráningar	Börnin fá sem fjölbreyttast starf sem þroskar alla þætti s.s. fínhreyfingar fegurðarskyn, samhæfingu augna og handa, málproska grófhreyfingar og vitsmuna þroska,
Útivera,	Efla útiveru barnanna á Álfasteini.	Að gefa börnunum tækifæri til að fara meira út að leika. Útiveran eflir grófhreyfingar barnanna, þau fá ferskt loft í lungun, roða í kinnar og gleðiglampi skín úr augum þeirra. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Á deildarfundum og deildarstjóra fundum Skráningar	Börnin njóti útiveru eins og kostur er yfir skólaárið og fá tækifæri til að taka þátt í þeim viðburðum sem fram fara á leikvöllinum yfir sumar-tímann s.s. á íþróttadögum, sulludögum, gulleitardögum o.s.frv.

<b>Matmálstímar</b>	Að gefa börnunum góðan tíma til að borða svo þau njóti matarins og matartímans. Byrja að leyfa börnunum að vera með í að skammta á diskana og hella í glösin.	Umræður á deildarfundum um hvernig best er að koma þessum þætti inn hjá yngstu börnum skólans. Skráningar	Deildarstjóri	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildarfundum hvernig gengur og hvað þarf að bæta. Skráningar	Að börnin finni að þau hafi eitthvað um það að segja hvað þau fá á diskinn sinn. Smátt og smátt læra þau hvaða matartegundir eru á borðinu t.d. kartöflur, fiskur, sósa, grænmeti og læra hvað þau vilja.  Börnin njóta matarins betur ef þau eru þátttakendur í því að skammta sér á diskana og hella í glasið sitt og fá að borða sjálf.
<b>Umönnun og daglegar venjur</b>	Að starfsfólk gefi börnunum góðan tíma í daglegar venjur eins og að skipta á bleyjum, fara á koppinn, þvo hendur og læra þannig grunnþætti hreinlætis	Umræður á deildarfundum um umönnun og daglegar venjur og sjá til þess að þessi tími sé rólegur og nægur svo börnin njóti. Skráningar	Deildarstjóri	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður á deildarfundum hvernig gengur, rólegheit, er nægur tími, eru börnin sáttn við að fara á koppinn, hvernig viljum við vinna betur með þeim í þessum stundum, hvað gengur vel.	Að börnin venjist strax á að fara á kopp og gleðjast með þeim þegar eitthvað kemur í koppinn, kenna börnunum að þvo hendur fyrir máltíðir svo þau læri hreinlæti og geti borðað með guðsgöfllum meðan þau eru að ná tókum á hnífapörum. Gefa góðan tíma í þessa þætti starfsins.
<b>Mannauður</b>							
<b>Starfsfólk eflir sig í starfinu með yngstu börnunum</b>	Að starfsfólk eflist í starfi og verði öruggara í kennslu.	Starfsfólk sitji í leik með börnunum og sinni þeim af áhuga. Baði þau í íslensku máli og sjái til þess að skipt sé oft um viðfangsefni, eftir áhuga barnanna. Kafa dýpra í kenningar Beritar Bae og einblína á samskiptin við börnin. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður starfsmanna á deildinni um það hvernig gengur að efla sig í starfi. Skráningar	Að starfsfólk sýni börnunum virðingu og áhuga í starfi, tali við þau, kenni þeim og sinni þeim af kostgæfni af hlýju gleði og kærleika.  Hafa orð á hlutum og athöfnum, baða börnin í íslensku máli allan daginn, alla daga.

## Innra mat - Dvergasteinn 2022-2023

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Hópastarf</b>	Umræður á deildarfundum, skráningar	Starfsmenn deildarinnar	<p>Hópastarf var á deildinni frá byrjun 2023, barnahópnum var skipt í fjóra minni hópa þar sem unnið var með einbeitingu, úthald, fín- og grófhreyfingar.</p> <p>Áhersla var lögð á málörvun og félagsfærni. Að börnin geti átt góð samskipti og tjáð tilfinningar, væntingar og óskir.</p> <p>Hópastarf gekk að mestu vel og voru miklar framfarir hjá börnunum eftir að hópastarfið varð fastur liður í dagskipulagi. Úthald og einbeiting jókst til muna og vinasambönd innan hópa urðu meiri.</p> <p>Hópastarfið hefði mátt vera markvissara og með ákveðin þema, s.s. litir, tölur, dýr.</p>
<b>Samverustundir</b>	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	<p>Upphaflega voru öll börn í sameiginlegri sögnstund, það reyndist erfitt að ná til allra barnanna og halda ró. Því var ákveðið að skipta samverustundinni upp í tvær minni samverustundir, börnunum var skipt eftir getu.</p> <p>Að finna efni sem hæfir öllum börnum er erfitt, hefur það reynt vel að skipta barnahópnum í tvær samverustundir. Stundirnar hafa gengið mun betur og samverustundirnar eru bæði ánægjulegri og lærdómsríkari fyrir börnin.</p> <p>Til að stuðla að markvissari og lærdómsríkari samverustundum væri gott að vera með fyrir fram ákveðið efni sem unnið væri með, s.s. sönglög, þulur, vísur, leiki og fleira.</p>
<b>Matmálstímar</b>	Umræður á deildarfundum skráningar	Starfsmenn deildarinnar	<p>Í matmálstímum situr starfsmaður með nokkur börn á borði, það gefur starfsmanni tækifæri til að eiga samskipti við börnin í rólegheitum. Því hefur nú verið lögð sérstök áhersla á málörvun og að leggja inn ný orð er tengjast meðal annars mat og borðsiðum.</p>

			Einnig var ákveðið að stuðla enn frekar að sjálfshjálpi og sjálfstæði barnanna og setja meiri kröfur á þau. Að börnin drekki úr glasi en ekki stútkönnum, noti hnífapör og byrji að skammta sér sjálf og ganga frá eftir matartíma – miðað að getu hvers og eins.
<b>Umhverfi og efniviður deildar</b>	Deildarfundir	Starfsmenn deildarinnar	<p>Skipulag deildar hefur verið breytt smám saman þannig að það henti börnunum betur og styðji við leik og nám.</p> <p>Einnig hefur verið farið mikið yfir leikefni, en á deildinni var mjög mikið af leikföngum og því var ýmislegt sem var fjarlæggt af deild.</p> <p>Ný leikföng hafa verið keypt, s.s. minni einingakubbar sem henta aldri barnanna og ýmis viðarleikföng sem auka ímyndunarafli í leik.</p>



## Umbótaáætlun Dvergasteinn 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Málörvun</b>	Að börnin eflist í málproska geti tjáð sig og skilið hvað við þau er sagt.	Markviss málörvun, lestur, söngur, vísur, þulur, leikir, samskipti og samtöl	Deildarstjóri. Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd.	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Deildarfundir, skráningar, skimanir.	Að börnin öðlist færni í máltöku og í íslensku máli og geti farið að nýta það í samskiptum við aðra.
<b>Félagsfærni</b>	Styðja við og efla félagsfærni barnanna	Samskipti, samræður, leikir, Blær – Vinátta.	Deildarstjóri. Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd	Sept'23	Júní'24	Deildarfundir, skráningar.	Að börnin læri að hafa samskipti sín á milli, þau læri að skiptast á með dótið, bíða, fá lánað, lána o.s.frv. og geti svo farið að nota málið og orðin sín í samskiptum við aðra. Að börnin geti tjáð langanir, tilfinningar og væntingar sínar.
<b>Sjálfsbjál og sjálfstæði</b>	Efla sjálfstæð vinnubrögð og sjálfsbjál	Val – Auka val í frjálsum leik, að börnin fái enn meiri tækifæri til al hafa áhrif á leik og nám. Hvetja börnin til frekari sjálfsbjálpar, t.d. að klæða sig sjálf og ganga frá eftir sig	Deildarstjóri. Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd	Sept'23	Júní'24	Deildarfundir, skráningar	Að börnin geti bjargað sér sjálf í fataklefa, gengið frá eftir sig og hafi frumkvæði í leik og að velja sér leikefni.

<b>Umhverfi og efniviður</b>	Skipuleggja umhverfi og efnivið þannig að það stuðli að frekara námi og leik	Halda áfram að aðlaga umhverfið að barnahópnum. Skipta deildinni upp í sýnleg svæði.  Hafa efnivið í hæfilegu magni, aðgengilegan og sýnilegan börnunum.	Deildarstjóri.  Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd	Sept'23	Júní'24	Deildarfundir, skráningar, góð og opin samskipti milli starfsfólks.	Að umhverfi styðji við leik og sé örvandi í námi.
<b>Mannauður</b>							
<b>Að starfsfólk eflir sig í starfinu með börnunum</b>	Að starfsfólk verði öruggara í starfi og meðvitað um hvaða þroska er verið að ná fram í starfinu með börnunum	Með góðum samskiptum, fræðslu og að starfsfólk deili með sér upplýsingum og þekkingu.  Skráningar.	Deildarstjóri.  Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd	Sept'23	Júní'24	Deildarfundir, skráningar, góð og opin samskipti milli starfsfólks.	Að starfsfólk sýni börnunum virðingu og áhuga í starfi, tali við þau, kenni þeim og sinni þeim af kostgæfni af hlýju gleði og kærleika.  Hafa orð á hlutum og athöfnum, baða börnin í íslensku máli allan daginn, alla daga.

## Innra mat - Völusteinn 2022-2023

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<b>Efla hugmyndir og sköpunargleði barnanna</b>	Umræður á deildarfundum Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Að starfsmenn gefi börnunum tækifæri til að tjá sig hverju á sinn hátt, að starfsmenn hlusti af athygli á börnin og efla þannig frásagnargleði þeirra og styðji þau í að framkvæma hugmyndir sínar. Þessi þáttur gekk nokkuð vel í starfinu. Alltaf má bæta þennan þátt, verður áfram næsta skólaár. Skráningar
<b>Að börnin séu þátttakendur í að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik</b>	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Að börnin fái tækifæri til að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik. Þannig eflist sjálfstæði barnanna og leikgleði eykst. Gekk vel og verður áfram í starfinu. Skráningar
<b>Efla málþroska barnanna, kynna hljóð, sögur og söngva fyrir börnunum (Lubbi).</b> <b>Að börnin fái tækifæri til að segja frá bæði eigin upplifunum, úr sögum og segja frá myndum.</b>	Umræður á deildarfundum Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Efla börnin í íslensku máli með Lubba stundum, lestri bóka, söng, TMT, umræðum við börnin og ekki síst hlusta á börnin af athygli og gefa þeim tækifæri til að nota málið í öllu sem þau gera. Lestrarstundir féllu niður á tímabili, leikskólastjóri hjálpaði deildarstjóra að finna leiðir til að hafa börnin í fámennum lestrarhópum og skipta börnunum í lestrarhópa eftir getu. Þetta gekk strax miklu betur og voru börnin dugleg að hlusta á sögur. Lubbastundir gengur vel en þá var börnunum skipt í tvo hópa. Söngstundir voru tvisvar á dag fyrir matmálstíma og gengu vel. Skoða þarf betur að koma markvisst sögustundum inn í starfið á Völusteini næsta skólaár.
<b>Efla börnin í talnaskilning og þekkingu þeirra á litum</b>	Umræður á deildarfundum Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Í stöðvavinnu var þessi þáttur tekinn fyrir, börnin voru áhugasöm og dugleg að ná tókum á talnaskilningi og litunum.
<b>Stöðvavinna og að efla fínhyfingar barnanna</b>	Umræður á deildarfundum Skráningar.	Starfsmenn deildarinnar	Stöðvavinna þar sem börnin skiptast á að ákveða viðfangsefni í stöðvavinnu gekk vel. Börnunum var skipt í 5 hópa og einn starfsmaður fylgdi sínum hópi milli stöðvanna. Lögð var áhersla á fínhyfingar, gólfleiki ýmiss konar, dúkkuleiki og einingarkubba. Stöðvavinnan gekk vel og tíminn lengdist smá saman þegar börnin fengu meira úthald.

<b>Stuðla að því að útikennslan fái nægt rými í starfinu á Völusteini</b>	Umræður á deildarfundum. Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Útikennslan féll að mestu niður á Völusteini þegar líða fór á haustið. Starfsmenn voru sammála því að nota sumartímamann í útikennslu og vettvangsferðir í staðinn fyrir að reyna að halda starfi á lofti yfir vetrarmánuðina án árangurs.
<b>Sumararfið</b>	Umræður á deildarfundum Skráningr	Starfsmenn deildarinnar	Sumarstarfið var skemmtilegt og börnin nutu sín vel. Vettvangsferðir í litlum barnahópum voru vinsælar hjá börnunum, þau skoðuðu náttúruna, lærðu, spjölluðu saman og höfðu gaman. Starfsmenn voru einnig ánægðir með vettvangsferðirnar.
<b>Mannauður</b>			
<b>Að starfsfólk efla sig í starfinu með börnunum og að starfsfólk verði öruggara í starfi og meðvitað um hvaða þroska er verið að ná fram með starfinu með börnunum</b>	Umræður á deildarfundum Skráningar	Starfsmenn deildarinnar	Þessi þáttur þarf alltaf að vera í hávegum hafður í starfinu. Starfsfólkið þarf að efla sig í starfinu með börnunum. Starfsfólk þarf að hafa yfirsýnina yfir barnahópin sinn og sjá til þess að öll börnin fái tækifæri til að taka þátt í leiknum. Hérna þurfa stjórnendur skólans að koma betur inn í og hjálpa starfsmönnum að finna sínar leiðir til að efla sig í starfinu, vera vakandi, opnir, glaðir, hugmyndaþríkir og sýni meiri áhuga fyrir starfi sínu og átti sig á því hverju er verið að ná fram í leik og starfi barnanna.

## Umbótaáætlun Völusteinn 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Að efla málþroska barnanna, vinna með „Lubbi finnur málbein“, kynna hljóð, sögur og söngva fyrir börnunum. Að börnin fái</b>	Efla börnin í íslensku máli með Lubba stundum, lestri bóka, söng, TMT, umræðum við börnin og ekki síst hlusta á börnin af	Vera með „Lubba stundir“ með börnunum og kynna fyrir þeim íslensku máhljóðin, lesa sögur og syngja í tengslum við efnið. Efla frásagnargleði	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Umræður starfsmanna hvernig gengur og hvað þarf að lagfæra svo börnin fái sem mest út úr starfinu og eflist í málþroska.	Að börnin auki orðaforða setningaskipan, frásagnarhæfni og geti tekið þátt í leik með öðrum börnum og átt eðlileg samskipti við þau. Þannig eykst vellíðan barnanna og þroskamöguleikar þeirra í leik og starfi í leikskólanum.

<p>tækifæri til að segja frá bæði eigin upplifunum, úr sögum og segja frá myndum.</p> <p>TMT</p>	<p>athygli og gefa þeim tækifæri til að nota málið í öllu sem þau gera</p>	<p>barnanna með því að gefa þeim tækifæri til að segja frá upplifununum sínum eða hvað er að gerast á myndum í samverustundum og söngstundum.</p>				<p>Lagfæringar og skráningar</p>	
<p>Efla börnin í talnaskilning og þekkingu þeirra á litum og efla fínhyringar þeirra.</p>	<p>Efla börnin í talnaskilning og þekkingu þeirra á litum og efla fínhyringar þeirra.</p>	<p>Efla börnin í talnaskilning, t.d. hvað stendur á bak við töluna 2 = tveir hlutir</p> <p>Að börnin læri litina og eflist í fínhyringum þar sem hugur og hönd vinna saman.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar</p>	<p>8. ágúst 2023</p>	<p>30. júní 2024</p>	<p>Umræður starfsmanna á deildarfundum og fagfundum. Skráningar.</p>	<p>Að börnin nái tökum á því að telja hluti og skilja hvað stendur bak við tölurnar. Einnig efla kunnáttu barnanna á litunum og efla fínhyringar þeirra.</p>
<p>Að börnin séu þátttakendur í að ákveða viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik.</p>	<p>Gefa börnum tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik</p>	<p>Börnin skiptast á að vera umsjónarmenn. Í því felst að þau hafa áhrif á skipulagt starf dagsins. Þau velja lög til að syngja í söngvali, velja viðfangsefni í skipulögðum stundum og í</p>	<p>Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar</p>	<p>8. ágúst 2023</p>	<p>30. júní 2024</p>	<p>Skráningar skoðaðar og umræður á deildarfundum. Skráningar</p>	<p>Börnin taki ákvarðanir eftir sínu innsæi. Að börnin hafi áhrif á viðfangsefni skipulagðra stunda og í frjálsum leik.</p>

		frjálsum leik. Skráningar					
<b>Félagsfærni</b>	Styðja við og efla félagsfærni barnanna	Samskipti, samræður, leikir, Blær – Vinátta.	Deildarstjóri. Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd	Sept'23	Júní'24	Deildarfundir, skráningar.	Að börnin læri að hafa samskipti sín á milli, þau læri að skiptast á með dótið, bíða, fá lánað, lána o.s.frv. og geti svo farið að nota málið og orðin sín í samskiptum við aðra.  Að börnin geti tjáð langanir, tilfinningar og væntingar sínar.
<b>Umhverfi og efniviður</b>	Skipuleggja umhverfi og efnivið þannig að það stuðli að frekara námi og leik	Að deildin sé börnum hvetjandi í námi og þroska.  Að efniviður sé í hæfilegu magni, aðgengilegt og sýnilegt börnunum.	Deildarstjóri. Allir starfsmenn taka þátt í framkvæmd.	Sept'23	Júní'24	Deildarfundir, skráningar, góð og opin samskipti milli starfsfólks.	Að umhverfið styðji við leik og hafi örvandi áhrif á börnin
<b>Mannauður</b>							
<b>Að starfsfólk efla sig í starfinu með börnunum og að starfsfólk verði öruggara í starfi og meðvitað um hvaða þroska er verið að ná fram með starfinu með börnunum</b>	Að starfsfólk sé meðvitað um hvað það er mikilvægt að hinir fullorðnu séu til staðar fyrir börnin leiðbeini þeim og kenni.	Að deildarstjóri leiðbeini starfsfólki á jákvæðan hátt í starfinu með börnunum og sé góður stuðningur við þau svo þau öðlist öryggi og ánægju í starfinu. Halda reglulega deildarfundum. Skráningar	Deildarstjóri og starfsmenn deildarinnar	Sept. 23	Júní 24	Umræður á starfsmanna og fagfundum.  Skráningar	Að starfsfólk verði öruggt í starfi með börnunum og viti hvaða markmiðum er verið að vinna að og leggi sig fram um að ná þeim.

## Innra mat - Töfrasteinn 2022-2023

Hvað var matið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
<p><b>Sjálfbærni og vísindi:</b></p> <p>Börnin vinna með sjálfbærni og vísindi í hópastarfi og vísidómsstundum. Gróðursetning og heimsókn í gróðrarstöð að vori. Rannsóknir og vísindalegar kannanir úti í náttúrunni og unnið með verkefni í smiðju tengda útikennslu.</p> <p>Moltugerð, einingakubbar og ljósaborð svo eitthvað sé nefnt.</p> <p>Skráningar.</p>	Umræður á deildafundum og skráningar	Starfsmenn deildarinnar	“i
<p><b>Leikur og nám, jafnrétti og þátttaka barna:</b></p> <p>Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á viðfangsefni skipulagða starfsins og viðfangsefni í frjálsum leik</p>	Skráningar og umræður á deildarfundum	Starfsmenn deildarinnar	Börnunum gekk mjög vel að velja hvaða viðfangsefni væru í boði í vali og frjálsum leik, en það vantaði alveg upp á skráningar í þeim efnunum. Í upphafi skólaársins var ekki búið að prenta út og gera tilbúin skráningarblöð fyrir valið og ekki heldur fyrir það hvaða barn/börn settu upp valið.
<p><b>Alstundir,</b></p> <p>Alstund er í upphaf dags. Allir á deildinni, börn og starfsmenn taka þátt í alstundinni, allir fá sömu upplýsingar fyrir daginn þá er farið yfir dagskipulagið</p>	Ígrundun	Deildarstjóri	Alstundirnar gengu nokkuð vel, það var samt enn þá erfitt fyrir starfsfólkið að setjast með þeim börnum sem mest þurftu á því að halda svo ró héldist í hópnum þrátt fyrir ábendingar deildarstjóra. Alstundin gekk samt oftast vel og voru börnin áhugasöm um það hver væri að syngja dægurlagið sem spilað var í upphaf stundar.

<p>og það sett upp myndrænt með börnunum.</p> <p><b>Samverustundir/sögustundir og söngstundir:</b></p> <p><b>Samveru/sögustundir daglega, söngstundir tvisvar á dag fyrir matmálstíma</b></p>			<p>Börnin fylgdust flest með og vissu nákvæmlega hvað væri fram undan í starfinu í skólanum, þau tóku vel eftir ef það voru mikilvæg skilaboð um einhver frávik í dagskipulaginu.</p> <p>Þar sem hópastarfastundirnar og vísdomsstundirnar voru nánast fram að hádegisverði náðist ekki að hafa sögustundir þá daga þ.e. þriðjudaga og fimmtudaga. Sögustundir voru þrisvar í viku og gengu þær mjög vel. Börnunum var skipt í fjóra hópa og einn starfsmaður með hvern barnahóp. Starfsmennirnir sáu algjörlega um hópinn sinn í 45 mínútur og ákváðu þeir með aðstoð barnanna hvað var lesið mikið, spjallað um söguna eða hvort börnin fengu að leika smá líka. Allt fór þetta eftir áhuga og úthaldi barnanna í hverjum hóp fyrir sig. Eðlilega höfðu yngstu börnin og börnin með slakan málþroska ekki eins gott úthald í sagnalestri og hin börnin þrátt fyrir að starfsmaðurinn veldi mjög léttar sögur, þessi barnahópur fékk samt alltaf sögu.</p> <p>Söngstundir gengu misjafnlega. Starfsmenn áttu mjög erfitt með að ná trausti elstu barnanna í skólanum og þegar deildarstjórinn var ekki með í söngstundum voru elstu börnin oft að ögra starfsmönnum sem réðu ekki við aðstæðurnar t.d. þegar sum elstu barnanna notuðu ljótt orðbragð, hentu hlutum eða reyndu að meiða starfsmennina. Var þá eina ráð starfsmannanna að ná í deildarstjóran eða leikskólastjóran til að róa ástandið.</p> <p>Ákveðið var að næsta skólaár verður starfsmönnum hjálpað að finna jákvæðar lausnir gagnvart hverju og einu elsta barni svo börnin treysti þeim og þeir lendi ekki í svona krísu aftur.</p> <p>Ákveðið var að starfsmenn leikskólans útbúi sönghefti með lögum sem eru sungin á öllum deildum skólans. Lögin þurfa að innihalda gott íslenskt mál en starfsfólk ræðir við börnin um það hvað ýmis orð í textanum og textinn sjálfur þýða.</p>
<p><b>Val:</b></p> <p><b>Börnin velja sér leiksvæði og viðfangsefni á mánudögum og miðvikudögum</b></p>	<p>Umræður á deildarfundum og skráningar.</p>	<p>Starfsmenn deildarinnar</p>	<p>Valstundin þegar börnin velja sér viðfangsefni gekk vel en það vantaði upp á skráningar. Börnin höfðu lítinn áhuga á smiðjunni þar sem í boði var að mála og vinna í myndlist. Það þarf að endurskoða verkefnavalið og fjölbreytnina í Smiðjunni og gefa börnunum fleiri tækifæri til að velja viðfangsefni fyrir það svæði. Börnin höfðu mikinn áhuga á að teikna, fönndra og vatnslita ef það var í boði inni á deild.</p>



<p><b>Hópastarf, þemastarf:</b></p> <p><b>Börn fædd 2018 fara í hópastarf/þemavinnu einu sinni í viku f.h.</b></p>	<p>Umræður á deildarfundum og skráningar</p>	<p>Hópastarfsstjórnendur</p>	<p>Hópastarfið gekk vel. Börnunum var skipt í hópa eftir getu, sex börn í hverjum hóp en það gekk nokkuð brösuglega fyrst í stað þar sem börnin voru mjög misjafnlega stödd og höfðu misjafnlega mikinn áhuga á hópastarfinu. Börnin fengu þá mismikið út úr starfinu þannig að sú ákvörðun var tekin að sameina alla hópana, fjölga starfsmönnum í hópastarfinu og vinna það eins og stöðvavinnu með 2-3 börnum í hverjum hópi. Þannig gekk hópastarfið mjög vel, hægt var að leggja inn fræðslu og verkefni við hæfi hvers og eins barns og börnin voru áhugasöm og glöð.</p> <p>Vinnan við lokaverkefni barnanna hefði mátt byrja fyrr svo allir fengju nægan tíma í verkefnið sitt og gætu farið nánar í námsefnið, en börnin unnu með dýr. Þau völdu sér síðan dýr hvert og eitt til að vinna með og þau bjuggu til dýrið sitt. Þetta var mikil og skemmtileg vinna með börnunum og þeim fannst hún mjög skemmtileg.</p>
<p><b>Stöðvarvinna:</b></p> <p><b>Börnin fædd 2019 fara í stöðvarvinnu með börnum á sama aldri á Völusteini einu sinni í viku</b></p>	<p>Umræður á fagfundum og skráningar</p>	<p>Deildarstjóri, leikskólastjóri og fagaðilar</p>	<p>Stöðvarvinnan með börnum fædd 2019 þar sem lögð var aðaláhersla á að efla málþroska barnanna, málskilning, orðaforða og setningaskipan, gekk mjög vel. Einu sinni í viku komu öll börn skólans sem eru fædd 2019 í þessa stöðvavinnu á Töfrasteini. Börnunum var skipt í hópa u.þ.b. 4 börn í hverjum hópi. Í upphafi var verið að kenna börnunum að vinna í litlum hópum og einbeita sér að því sem var í boði á hverri stöð fyrir sig. Þau þurftu að læra að bíða eftir því að komast í þau verkefni sem þeim þótti eftirsóknarverðust og klára það sem þau voru að gera á hverri stöð fyrir sig. Það var nánast eingöngu fagfólk sem sá um stöðvavinnuna en stundum voru aðrir starfsmenn sem höfðu góðan skilning á mikilvægi málskilnings barnanna sem sáu um eina til tvær stöðvar.</p> <p>Í október/nóvember var EFl2 málþroskaskimun lögð fyrir börnin. Eftir það var barnahópunum breytt þannig að börn sem komu á svipuðu róli út úr skimuninni voru saman í hópi. 3-5 í hverjum hópi. Starfið var nú orðið meira krefjandi og erfiðleikastig eftir getu barnanna. Þegar EFl2 málþroskaskimunin var lögð fyrir börnin aftur á vordögum kom í ljós að börnin höfðu öll bætt sig í tjáningu og skilningi og voru nú öll komin upp í meðalgetu sem er frábær árangur. Þetta sýnir okkur að með markvissu starfi í að örva málþroska barnanna í leikskólanum náum við að ná þeim árangri sem við æskjum.</p>

<p><b>Vísðómsstundir:</b></p> <p><b>Í vísðómsstundum eru elstu börnin að undirbúa sig fyrir áframhaldandi skólagöngu þ.e.a.s grunnskólann</b></p>	<p>Umræður fagaðila sem sjá um Vísðómsstundirnar hvernig gengur, hvernig börnin taka þátt, hugmyndaauðgi þeirra og líðan.</p> <p>Umræður við elstu börn skólans</p> <p>Skráningar</p>	<p>Fagaðilar sem vinna með börnunum í Vísðómsstundum, elstu börn skólans.</p> <p>Skráningar</p>	<p>Að börnin verði vel undirbúin fyrir grunnskólagönguna, verði félagslega sterk, vel máli farin, sjálfsörugg, jákvæð og kurteis.</p> <p>Það er eitt af því mikilvægasta í lífi barna að fara vel undirbúin úr hinu verndaða umhverfi leikskólans út í hinn stóra heim grunnskólans. Leikskólinn Vinaminni leggur metnað sinn í að öll börn sem klára leikskólagöngu sína í leikskólanum fari vel undirbúin á næsta skólástig.</p> <p>Vísðómsstundirnar gengu mjög vel síðastliðið skólaár, börnin voru áhugasöm, hugmyndarík, vinnusöm, glöð, yfirleitt góðir vinir og yndisleg. Að hausti til unnu þau með tilfinningar og ræddu um hvernig þeim líði þegar þau eru reið, glöð, sorgmædd, einmana o.s.frv.og hvað þau geti gert í slíkum aðstæðum. Þá var unnið í leiklist eftir áramótin, börnin völdu sér hlutverk, gerðu sögu, leikbúninga og leikmynd. Að vori sýndu þau foreldrum sínum leikritið við skólaslit Vísðómsstundanna. Leiklistin hjálpar börnunum að efla sjálfstæði sitt, þau þurfa að takast á við hlutverkið sitt, þau þurfa að bera ábyrgð og koma fram fyrir aðra. Þessi vinna er svo sannarlega komin til að vera og börnin alltaf glöð með þessa vinnu.</p>
<p><b>Útikennsla:</b></p> <p><b>Börnin fara í útikennslu á haustmánuðum og vormánuðum. Yfir háveturinn er oft vont veður.</b></p>	<p>Umræður, ígrundum og skráningar</p>	<p>Deildarstjóri og umsjónarmaður útikennslunnar</p>	<p>Útikennslan gekk vel. Unnið var gott og metnaðarfullt starf með börnunum í útikennslunni. Börnin rannsökuðu náttúruna á sínum forsendum auk þess sem börnin unnu ýmis verkefni í tengslum við náttúruna í Smiðjunni. Var þá unnið fyrir eða eftir útikennslu í Smiðjunni og þá annað hvort verið að undirbúa ferð í náttúruna eða vinna úr upplifunum barnanna á því sem var gert úti.</p>
<p><b>Sumarstarfið:</b></p> <p><b>Að sumarstarf barnanna sé fjölbreytt, fræðandi og skemmtilegt</b></p>	<p>Umræður á deildarfundum og tölvupóstar frá foreldrum</p>	<p>Starfsfólk deildarinnar og foreldrar</p>	<p>Sumarstarfið byrjaði snemma vors 2023 þar sem hluti starfsfólksins var að fara í sumarfrí í júní. Eftir að starfsfólk hafði metið síðasta ár þ.e. 2022 var ákveðið að vera ekki með eins margar heilsdagsferðir í sumar eins og í fyrrasumar. Var hádegisverðurinn því aðeins tekinn með þegar farið var á söfn og börnin fengu fræðslu á söfnunum það seint að það náðist ekki að vera komin aftur í skólann fyrir hádegisverð.</p> <p>Ferðir á söfn gengu að mestu vel en stundum lentu starfsmenn í erfiðleikum með einstaklinga úr elsta barnahópnum. Starfsmenn urðu óöryggir og vissu ekki hvernig þeir áttu að bregðast við því þegar ákveðnir einstaklingar í barnahópnum fóru ekki eftir fyrir mælum þeirra og leiðbeiningum. Það er mikil ábyrgð að fara í ferðir með börnin og sumir starfsmenn treystu sér ekki með ákveðna einstaklinga í ferðir.</p>

			<p>Þetta lagaðist þó þegar sumarstarfsfólkið kom í hús og það var hægt að hafa nokkra auka sumarstarfsmenn með í ferðirnar.</p> <p>Við endurmat á sumarstarfinu kom svo í ljós að sumir starfsmenn söknuðu heilsdagsferðanna með börnunum þannig að millivegur verður farinn næsta skólaár.</p> <p>Vikulegir hjóladagar gengu mjög vel og voru börnin ánægð að fá að koma með hjólin sín í leikskólann og fara í hjólaferðir með vinum sínum.</p> <p>Sulludagar, íþróttadagar, útikennsla og úti stöðvar gengu einnig mjög vel.</p>
<b>Mannauður</b>			
<b>Að starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum, bæði þau í íslensku máli, noti virka hlustun í samskiptum við börnin og skoði kennsluhætti sína með gagnrýnum augum.</b>	Umræður á deildarfundum	Deildarstjórar og leikskólastjóri og starfsmenn deildarinnar	<p>Á skipulagsdegi 9. ágúst 2022 var farið yfir kenningar Beritar Bae og lögð áhersla á að starfsfólk skólans þekki kenningar hennar skilji þær og geti starfað eftir þeim með börnunum.</p> <p>Mikil áhersla er lögð á virka hlustun starfsmanna í skólanum og gekk það nokkuð vel á Töfrasteini. Starfsmenn voru duglegir að ræða við börnin um lífið og tilveruna og hlusta með athygli á þau, eins ef upp kom óæskileg hegðun hjá barni eða ágreiningur í samskiptum milli barnanna voru starfsmenn duglegir að hlusta á börnin og hjálpa þeim að leysa málin.</p> <p>Starfsmenn þurfa að einbeita sér að því að efla sig í starfinu með börnunum. Það er hlutverk starfsmanna að sitja með börnunum í leik, leika með þeim þegar þörf krefur, efla þau í leiknum, hjálpa börnum að komast inn í leik annarra barna, kenna þeim að leika saman, hjálpa þeim að hafa góð samskipti sín á milli o.s.frv. Þessi þáttur er mjög mikilvægur í starfinu með börnunum og starfsmenn þurfa alltaf að hafa þessa þætti hugfasta svo vel sé í stað þess að gleyma sér í spjalli og allt fer upp í loft.</p> <p>Veikindi starfsmanna voru á deildinni eins og önnur ár, það voru samt oft afleysingafólk sem kom inn á deildina en það er aldrei eins að fá afleysingu inn eins og hafa föstu starfsmennina. Það veldur meiri óróa á deilinni og erfiðara að ná ró á barnahópnum þegar afleysing kemur inn.</p> <p>Starfsmaður sem kom á Töfrastein eftir áramótin af annarri deild skólans sýndi miklar framfarir í starfinu á Töfrasteini og áhugi starfsmannsins á að eflast og þorskast í starfinu með börnunum var augljós.</p>

Á vorin kemur oft upp þreyta hjá starfsfólkinu eftir langan annasaman vetur og var nýliðið skólaár engin undantekning. Starfsmenn deildarinnar voru augljóslega orðnir þreyttir á vordögum og stundum var erfitt að halda dampi. Þetta er ósköp eðlilegur hlutur en auka hendur sumarstarfsmanna hjálpuðu til við að halda sumarið út.

#### Umbótaáætlun Töfrasteins 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Sjálfbærni og vísindi</b>	<p>Vinna markvissara með sjálfbærni og leggja áherslu á að flokka rusl, moltugerð og grænmetisrækt.</p> <p>Gefa börnunum tækifæri til að vinna meira í vísindalegum rannsóknum í náttúrunni og innandyra með vatni, seglum o.f.l.</p>	<p>Börnin vinna með sjálfbærni og vísindi í hópastarfi, vísidómsstundum, flæði og útikennslu. Sáning paprikur og tómatar að hausti til, svo börnin geta fylgst með og hugsað um vaxtaferli plantnanna og vonandi uppskorið að vori til.</p> <p>Rannsóknir og vísindalegar kannanir úti í náttúrunni og unnið með verkefni í smiðju tengda útikennslu.</p>	Deildarstjóri, hópastarfsstjóri og vísidómsstundarstjóri	8. ágúst 2023	30. júní 2024	<p>Á fagfundum, deildarfundum.</p> <p>Skrán-ingar</p>	<p>Sjálfbærni, vísindi og rannsóknarstarf eflir fróðleiksfýsn barnanna og hvetur þau til að vilja vita meira.</p> <p>Að börnin læri að virða og hugsa vel um umhverfið og hvernig við getum ræktað grænmeti til neyslu. Læri að rannsaka, spá fyrir og gera tilraunir.</p>

		Moltugerð, einingakubbar, ljósaborð, vatn, litir og seglar svo eitthvað sé nefnt.  Skráningar.					
<b>Alstundir, samverustundir/sögustundir og söngstundir:</b>	Alstund er í upphaf dags, þá er hlustað á dægurlag, morgunsöngurinn sunginn, farið yfir dagskipulagið og ef það eru einhver skilaboð eða breytingar á dagskipulaginu er farið yfir það.  Samveru- sögu- og söngstundir.	Vinna að því að starfsfólk sitji með börnunum og haldi betur ró á hópnum og séu vakandi yfir hvað veldur óróa í þessum stundum.  Skráningar	Deildarstjóri	8.ágúst 2023	30. maí 2024	Deildar- fundum  Skrán- ingar	Að starfsfólk deildarinnar sé vakandi yfir að halda ró á hópnum í alstundum og söngstundum og þeir verði vakandi yfir því að lesa sögu sem hæfi þroska barnanna í sögustundum.
<b>Hópastarf, þemastarf:</b>	Börn fædd 2019 fara í hópastarf/þemavinnu einu sinni í viku f.h.	Vinna markvisst með þema sem börnin hafa valið sér. Finna leiðir til að efla og auka þekkingarleit og hugmyndarvinnu barnanna.	Hópastjórar	8. ágúst 2023	15. maí 2024	Fag- fundum  Skráninga r	Að börnin læra að leita sér þekkingar á mismunandi vegu með aðstoð kennarans. Styrkja rökhugsun og námsvitund. Að börnin læra að vinna verkefni eftir fyrirætlum. Hlusta og skilja fyrirætlum verkefnisins.

<b>Stöðvavinna:</b>	Börnin fædd 2020 fara í stöðvavinnu með börnum á sama aldri á Völusteini einu sinni í viku.	Vinna markvisst að góðri íslenskukennslu þar sem börnin heyra og læra að nýta sér fjölbreytt og gott íslenskt mál	Deildarstjóri og sérkennarar	21. ágúst 2023	15. maí 2024	Fagfundum Skráningar	Að efla og styrkja málskilning og málnotkun barnanna.
<b>Vísdomsstundir:</b>	Í vísdomsstundum eru elstu börnin að undirbúa sig fyrir áframhaldandi skólagöngu þ.e.a.s. grunnskólann	Haldið verður áfram að vinna með elstu börnunum eins og undnafarin ár.	Kennarar sem sjá um starf elstu barnanna í leikskólanum.	21. ágúst 2023	30. apríl 2024	Umræður þeirra aðila sem vinna með elstu börnin og umræður við börnin. Skráningar	Að elstu börnin verði vel undirbúin fyrir áframhaldandi skólagöngu.
<b>Hreyfistundir vísdomsbarna:</b>	Einu sinni í viku verða íþróttastundir fyrir elstu börnin. Börnin koma með íþróttaföt sem þau þurfa að klæða sig í fyrir æfingu.  Stundirnar verða byggðar upp eins og leikfímistími: upphitun, þrautabraut, leikir, frágangur og slökun.	Það hefur oft vantað hreyfistundir hjá elstu börnum leikskólans og ætlum við að breyta því. Í hreyfistundum verða markvisst lagðir inn hópleikir og skemmtilegar krefjandi þrautir. Þessar stundir undirbúa börnin undir íþróttir í grunnskólanum.	Íþróttakennari og stjórnunarteymi leikskólans	21. ágúst 2023	30. apríl 2024	Deildafundur og skráningar	Styrkja alhliða grófhreyfingar barnanna s.s. jafnvægi, vandvirkni, líkamsstjórnun, snerpu, kraft og styrkja sjálfsímynd og sjálfsöryggi barnanna. Kenna börnunum að fara eftir leikreglum í hópleikjum, kenna þeim að hlusta og vera vandvirk.

		Einnig eru börnin að læra að halda utan um eigur sínar.					
<b>Smiðjan:</b>	Smiðjan með fjölbreyttum verkefnum í myndlist og skapandi starfi sem börnin skiptast á að velja verður í vali. Þannig verða verkefni í smiðju eftirsóknarverð og spennandi fyrir börnin.	Vinna með börnin að því að finna spennandi, skemmtileg og eftirsóknarverð verkefni svo börnin sækist eftir því að fara í skapandi starfið á því svæði.	Deildarstjóri og umsjónarmaður í Smiðju.	10. ágúst 2023	30. apríl 2024	Á deildarfundum. Skráningar	Að börnin sækist eftir því að vinna skapandi starf og hafi tækifæri til að velja viðfangsefni sjálf.
<b>Sumarstarfið:</b>	Að sumarstarf barnanna sé fjölbreytt, fræðandi og skemmtilegt						
<b>Mannauður:</b>							
<b>Að starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum</b>	Að starfsfólk efli sig í starfinu með börnunum, bæði þau í íslensku máli, noti virka hlustun í samskiptum við börnin og skoði kennsluhætti sína með gagnrýnum augum.	Hafa gagnvirkiskenningu Beritar Bae til hliðsjónar um samskipti barna og fullorðinna. Hver starfsmaður fær kompu til að skrá hugleiðingar, hvernig gengur, spurningar o.fl. í sem þau vilja ræða um á fundum. Deildarstjóri/leikskólastjóri haldi	Deildarstjóri og leikskólastjóri	8. ágúst 2023	30. júní 2024	Á starfsmanna-deildar- og deildarstjórafundum.	Að starfsfólk sýni börnunum virðingu og áhuga í starfi, tali við þau, kenni þeim og sinni þeim af kostgæfni, af hlýju gleði og kærleika.  Hafa orð á hlutum og athöfnum, bæða börnin í íslensku máli allan daginn, alla daga.

		<p>fundi lágmark einu sinni í mánuði með starfsfólki deildarinnar til að kenna, leiðbeina, hrósa og styðja við starfsfólkið í starfi. Einnig til að gefa starfsfólkinu tækifæri á að ræða hvernig þeim gengur að að vinna með börnunum á deildinni. Skráningar</p>				
--	--	--	--	--	--	--

## 4 Innra mat sérkennslu

### Mat á sérkennslu 2022-2023

<p><b>Skipulagning sérkennslu 2022-2023</b>  <b>Hvernig var sérkennslan skipulögð, var höfð í huga menntun án aðgreiningar?</b>  <b>Hvernig var skráningu háttað t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl.?</b></p>	<p>Það gekk mjög vel að fylgja eftir þeim áætlunum sem settar voru fram fyrir sérkennslu fyrir skólaárið 2022-2023. Unnið var eins og seinustu ár þar sem öll börn sem þurftu auka aðstoð við ákveðna færni fengu sérkennslu þrátt fyrir að þau hafi ekki fengið úthlutað stuðningstímum frá borginni. Unnið var með hvern og einn einstakling út frá hans þörfum, óskum foreldra og ráðleggingum sérkennslustjóra/leikskólastjóra.</p> <p>Einnig var fyllt í matslista til að sjá hvar mestrar þjálfunar væri þörf. Eins og APES Efi2 og Tras svo eitthvað sé nefnt. Þessar skimanir (matslistar) gefa stuðningsaðila vísbendingu um hvar sé mesta þörfin á þjálfun. Fyllt er í matslistana á sex mánaða fresti og þá sjást framfarir vel og hvar næstu áhersluþættir í þjálfun eru. Stuðningsaðili fylgdi þeim börnum eftir í leik sem áttu í erfiðleikum í samskiptum og félagsfærni við önnur börn, þannig gat hann stutt við þau og kennt þeim að finna lausnir í samskiptum og leik. Stuðningsaðili skráir daglega hvað hann er að gera með þessum börnum og hvernig gekk. Það var mikið aukið við málörvun inni á deildum skólans með sagnalestri í fámennum barnahópum. Það voru líka settar upp málörvunarstöðvar á eldri deildunum einu sinni í viku þar sem málörvun var á öllum stöðvum. Má þar t.d. nefna 1. stöð, sagnalestur og umræður úr sögunum, 2. stöð spil þar sem börnin þurfa að læra að telja reiti, fara eftir spilareglum og bíða meðan aðrir í hópnum gera. 3. stöð byggja með litlum legókubbum eftir fyrirmynd. 4. stöð börnin læra afstöðuhugtök s.s. fyrir framan, fyrir aftan, til hliðar, undir, yfir, stóri, litli o.s.frv. en þá eru hlutir sem börnin eiga að setja á rétta staði miðað við</p>
--	---



	fyrirlögn. 5. stöð einingakubbar og svo mætti telja áfram. Ekki er stöðvavinnan alltaf sett upp á sama hátt, heldur var fjölbreytileikinn og efniviðurinn sem til er í skólanum nýttur til að vinna með þennan þátt. Mikið var lagt upp úr því að gefa hverju barni þjálfun sem þarf á því að halda og aðstoða það við það sem það þarfnaðist.
<b>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</b>	Til að meta árangur barnanna eru lagðir matslistar AEPS, EF12 og TRAS fyrir börn sem njóta sérkennslu. Þessar skimanir gefa vitneskju um hvar börnin eru stödd og hvernig framfarir ganga. Niðurstöður úr matslistunum sýna hvaða þroskaþætti þarf að leggja meiri áherslu á, hvað gengur vel og hvar börnin eru að bæta sig. Niðurstöður skimananna eru notaðar til að móta og skipuleggja sérkennslu hvers barns fyrir sig.
<b>Hvaða námsefni var notað? Vorur t.d notuð aðkeypt námsgögn?</b>	Þau námsgögn sem mest eru notuð í kennslunni eru bæði aðkeypt og búin til í skólanum eftir þörfum hvers barns fyrir sig. Mikið er til af alls konar aðkeyptum spilum og bókum sem nýtast mjög vel í sérkennslunni til að bæta orðaforða og samskipti. Notuð eru mismunandi erfið púsl, bækur bæði myndabækur og bækur með texta, legokubbar til að kubba eftir fyrirmynd, leir, pinnar, þerlur og skæri til að æfa fínhyringar og styrkja úlnliði. Blýantar og litir til að æfa eftirhermun teikninga. Útbúnað voru myndir af flokkum t.d. mat, farartækjum, fólki, fötum, dýrum o.s.frv. til að geta rætt um og lært um nærumhverfið. Einnig myndir af nafnorðum, sagnorðum, tölustöfum, bókstöfum o.fl. Einnig var notast við iPad og í hann voru meðal annars sótt forritin Orðagull og Bitsboard pro til að hjálpa við kennslu.

### Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Unnið með atferlisíhlutun í einstaklingsþjálfun málþroska og félagslega færni í barnahópnum</b>	Finna leiðir sem henta hverju og einu barni í þjálfunar ferlinu.	Haldið áfram á sömu braut og unnið hefur verið undanfarið ár þar sem það hefur reynst mjög vel. Stuðningsaðili vinnur með atferlisíhlutun þegar það á við og fylgir	Ábyrgðar- maður sérkennslu/ leikskóla- stjóri	9. ág. 2023	30. jún. 2024	AEPS, EF12 ,Tras og HLJÓM2 skimanir eru lagðar fyrir börnin og framfarir þeirra metnar.  Umræður á deildarfundum.  Skráningar.  Umræður á teymisfundum	Að börnin sýni framfarir í alhliða þroska í leikskólanum og unnið sé markvisst með börnum sem þurfa á einstaklingsþjálfun og stuðningi að halda. Má þar helst nefna, sjálfshjálp, málþroski, félagsþroski, leikþroski og annað sem hvert og eitt barn þarfnað þjálfunar í.

		barninu einnig í barnahópnum og hjálpar því í daglegum athöfnum. Skráningar				með foreldrum og sérfræðiteymi á ÞB sem eru á 6-7 vikna fresti. Skráningar.	
--	--	--	--	--	--	--	--

## 5 Innra mat – fjöltyngd börn

### Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

<b>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</b>	Það fjármagn sem Leikskólinn Vinaminni fékk úthlutað 2023 vegna fjöltyngdra barna verður notað að hluta fyrir laun starfsmanna sem efla mál þessara barna sem hafa ekki fengið úthlutað stuðningstímum og einnig verða keypt námsgögn fyrir málörvunina, mikið er keypt af góðum, fallegum og fjölbreyttum spilum frá Danmörku sem nýtast vel í málörvun fjöltyngdra barna.
<b>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</b>	Daglega er unnið með orðaforða og málskilning allra barna í skólanum og þá sérstaklega með fjöltyngdum börnum. Lesið fyrir þau, haft orð á hlutum og athöfnum, hlustað á þau, sungið með þeim. Börn af erlendum uppruna sem eru með slakan málþroska, orðaforða og málskilning fá sagnalestur í litlum barnahópum þar sem eru lesnar léttar sögur við þeirra hæfi. Þau börn sem standa höllum fæti í málþroska eru tekin í einstaklingsþjálfun 2-3 sinnum í viku þar sem lagður er inn grunnorðaforði auk þess sem unnið er með þau í barnahópnum. Þeim er hjálpað að hafa samskipti við önnur börn og að taka þátt í leik með öðrum börnum.
<b>Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?</b>	Leikskólinn Vinaminni er málörvunarleikskóli. Það er lögð mjög mikil áhersla á að efla íslenskt mál allra barnanna í skólanum. Það þarf að baða börnin í íslensku máli alla daga, lesa fyrir börnin, syngja með þeim, hlusta með athygli á þau, hvetja þau til að segja frá verkunum sínum t.d. myndum, spyrja börnin spurninga út frá sagnalestri. Hafa orð á hlutum og athöfnum og vekja athygli þeirra á náttúrunni og því sem fyrir augu ber í þeim efnum. Nota fjölbreytt orðaval í samskiptum við börnin, spyrja þau hvort þau viti hvað þessi og hin orðin þýða, segja þeim það ef þau vita það ekki. Útbúnar voru bókakistur „Töfrakoffort“ á öllum deildum skólans þar sem foreldrar geta fengið bók að láni heim og lesið fyrir barnið/börnin. Þegar bókunum var skilað settu börnin stein í krukku og þegar krukkan var full fengu börnin að velja sér dag til að fagna. Náttfatadag, dótadag, koma með leikfang að heiman, baka pizzu eða eitthvað sem börnin ákváðu sjálf. Það var gaman að sjá hvað börnin voru áhugasöm við að velja sér bók til að fara með heim. Allt þetta er málörvandi fyrir börnin og ekkert virkar eins vel og þegar skóli og heimili vinna saman að viðfangsefninu.

<p><b>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt?</b></p> <p><b>Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</b></p>	<p>EFI2 og AEPS listarnir eru notaðir til að fylgjast með orðaforða og málskilningi og alhliða þroska fjöltyngdra barna. Unnið er markvisst með þá þætti sem koma slakir út úr listanum hvort sem það er málþroski, hreyfiþroski, vitsmunapróska eða annað. Listinn er uppfærður á 6 mánaða fresti. Lögð er málþroskaskimun EFI2 fyrir öll börn skólans þegar þau verða rúmlega þriggja ára gömul og HLÓM2 fyrir börn á síðasta leikskólaárinu. Unnið með málþroska þeirra barna sem koma slök út úr skimuninum. Börnin fá einstaklingsþjálfun í íslensku máli og þjálfun í barnahópnum.</p>
<p><b>Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</b></p>	<p>Það er hlutverk leikskólans að huga vel að öllum þáttum máls og þátttöku barnanna í leik og starfi í skólanum. Ef barn sýnir slaka getu í viðkomandi þáttum er gripið inn í og barnið fær sérstaka þjálfun í skólanum. Unnið er sérstakleg með málþroska barna. Söngur er hafður í hávegum sem og sagnalestur, unnið er með rím, hljóðkerfisvitund, hlustun „Lubbi finnur málbein“. Ritmál er sýnilegt á eldri deildum skólans. Í Vísdomsstundum er unnið með texta og ritað mál með elstu börnum skólans. Í umræðustund er skráð á flettistöflu það sem börnin segja, textinn lesinn/hljóðaður sameiginlega yfir og geymdur. Í næstu stund er textinn rifjaður upp og lesinn/hljóðaður sameiginlega yfir aftur. Með þessu eru börnin að geyma frásagnir sínar á rituðu máli, þau efla hljóðkerfisvitundina, eflast í að segja frá því sem þau hafa áhuga á og löngun til og þau styrkjast í félagslegum tengslum, frásagnargetu og íslensku máli. Þarna er kjörið tækifæri til að fylgjast með getu barnanna og grípa inn í ef með þarf. Rímsspil, spil sem eflir hljóðkerfisvitund, samsett orð, samstöfur, hljóðgreining, margræð orð, orðhlutaeyðing og hljóðtenging eru mikið notuð</p>

### Umbótaáætlun – fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<p><b>Málþroski fjöltyngdra barna</b></p>	<p>Að efla mál og málskilning fjöltyngdra barna svo þau geti átt eðlileg samskipti við aðra og þau njóti sín í leik og starfi í leikskólanum.</p>	<p>Unnið verður áfram með málþroska fjöltyngdra barna eins og síðastliðið ár þar sem stuðningsaðili tekur börnin út úr barnahópnum í þjálfun auk þess sem hann fylgir</p>	<p>Leikskólastjóri, deildarstjóri stuðningsaðili</p>			<p>Með skráningum og niðurstöðum úr skimunum. Þannig sést hvort þær aðferðir sem notaðar hafa verið við að efla mál og skilning fjöltyngdra barna hafa skilað árangri.</p>	<p>Að fjöltyngd börn læri íslenskt mál, geti tjáð sig, átt góð samskipti við aðra og geti tekið þátt í leik annarra barna og notið sín í leik og starfi í leikskólanum.</p>

		þeim í leik í barnahópnum. Samskiptabækur þar sem það þarf og skráningar.					
<b>Félagsþroski fjöltyngdra barna.</b>	Að fjöltyngd börn njóti sín í barnahópnum og geti tekið þátt í leik annarra barna.	Starfsmenn deilda og stuðningsaðili hjálpi fjöltyngdum börnum sem eiga erfitt uppdráttar í barnahópnum að komast inn í leik annarra barna. Samskiptabækur þegar þess er þörf. Skráningar	Deildarstjóri, stuðningsaðili, leikskólastjóri.			Umræður á deildarfundum og skráningar á atferli barna í barnahópnum.	Að fjöltyngd börn verði örugg í barnahópnum og geti tekið þátt í leik annarra barna með gleði og vellíðan þeirra að leiðarljósi.

## 6. Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

### Starfsþróunarsamtöl

Það gekk ekki eftir að halda áfram með starfsþróunarsamtöl þetta skólaárið. Næsta skólaár verða starfsþróunarsamtöl sett í öndvegi og fara þau fram frá 1.-31. október en þá er aðlögun nýju barnanna afstaðin svo þá gefst betri tími til þessara verka.

### Fræðsla

Fræðsla fyrir starfsmenn skólans síðastliðið skólaár hófst á skipulagsdegi 9. ágúst 2022.

1. Starfsáætlun fyrir skólaárið 2022-2023. Farið yfir alla þætti áætlunarinnar og hver deild fékk sitt eintak til að lesa yfir og vinna eftir.
2. Farið var yfir markmiðin með skólastarfinu og ábyrgð starfsmanna í starfinu með börnunum.
3. Þá var farið yfir viðverustefnu skólans og breytingar á vinnustyttingu starfsmanna, en nú verður hver dagur stytur um 20 mínútur í stað þess að hver starfsmaður fari um hádegi einn dag í mánuði. Starfsmenn geta nú rúllað vinnutímanum sínum á vaktir og skipst á að mæta snemma eða seinna til vinnuleikskólunnar Vinaminni var með fræðsluráðstefnu fyrir starfsmenn skólans 23. nóvember 2022 sem bar yfirskriftina

„Jákvæðir starfshættir og vellíðan á vinnustað“. Ráðstefnan var haldin í Bergi sal í Gerðubergi og kvöldverður reiddur fram frá Gerðubergi fyrir ráðstefnugesti.

Fengnir voru sérfræðingar frá Vinnuvernd sem fluttu okkur erindi á ráðstefnunni auk þess sem Edda Björgvinsdóttir endaði ráðstefnuna á gleðisprengju.

1. 17:00-17:45 Samskipti, einelti, áreitni og ofbeldi, fyrirlesari, Inga Valdís Tómasdóttir sálfræðingur hjá Vinnuvernd
2. 17:45-17:55 Pása
3. 17:55-18:35 Andlegt heilbrigði: svefn, hreyfing og mataræði fyrirlesari, Inga Valdís Tómasdóttir sálfræðingur hjá Vinnuvernd
4. 18:35-18:45 Pása
5. 18:45-19:15 Líkamsbeiting, fyrirlesari, Valgeir Sigurðsson sjúkráþjálfari og framkvæmdastjóri Vinnuverndar
6. 19:15-19:45 Kvöldverður
7. 19:45-21:00 Húmor gleði og hamingja, fyrirlesari og gleðigjafinn Edda Björgvinsdóttir leikkona
8. kl: 21:00 ráðstefnuslit.

Mikil ánægja var með ráðstefnuna meðal starfsfólks og léttleiki sveif yfir vötnunum.

Á skipulagsdegi 17. Mars 2023 var fræðsla fyrir starfsmenn skólans.

1. Hugmyndir Beritar Bae, samskipti barna og fullorðinna í leikskólanum.
2. Leikskóli til hvers?
3. Jafnlaunavottun leikskólans.
4. Útivera og útikennsla markmið og leiðir.
5. Réttur vinnuveitandans.
6. Hvað er framundan í starfi skólans.

Skólastjórnendur fluttu erindin á skipulagsdeginum og almenn ánægja starfsmanna var með daginn.

Leikskólastjórar fóru á málstofur hjá Skóla-og frístundarsviði í mars sem haldið var annars vegar í Gerðubergi og hins vegar í Hlöðunni. Þetta voru 4 skipti eftir hádegi frá kl. 12:30-17:00.

Skólaárið 2023-2024 verður fræðsla fyrir starfsfólk sem hér segir.

Á skipulagsdegi þriðjudaginn 8. ágúst 2023 koma sérfræðingar Miðju máls og læsis þær Þóra Sæunn Úlfadóttir og Emilía Rafnsdóttir og verða með 2 klukkutíma fræðslu og vinnu fyrir starfsfólk skólans um „gæðamálörvun í daglegu starfi í leikskólanum“.

Á skipulagsdegi þriðjudaginn 8. ágúst koma þær Hrafnhildur Sigurðardóttir og Unnur Arna Jónsdóttir hjá Hugarfrelsi með 2ja tíma fyrirlestur um „Velliðan í leik og starfi“ fyrir starfsmenn skólans.

Víkuna 14.-18. ágúst verða deildarfundir kl: 10-12 á öllum deildum skólans, einni deild á dag, þar sem farið er yfir gagnvirkniskenningar Beritar Bae. Starfsmenn fá verkefni til að vinna með á haustönninni í barnahópnum, sem tekið verður upp á skipulagsdegi í janúar og unnið frekar úr.

Þriðjudaginn 11. september 2023 kl. 17:00-20.00 verður námskeið fyrir starfsfólk skólans um „Blæ“. Bangsinn Blær er tákmynd vináttunnar í verkefninu og með klípusögum, umræðum, nuddi, söng og leikjum læra börnin um gildi vináttu með aðstoð frá Blæ. Hvert og eitt barn fær lítinn bangsa sem táknar samfélag vináttu. Bangsarnir eru eign barnanna en þeir eru geymdir í leikskólanum þar til börnin hafa útskrifast og eru hugsaðir sem hluti af þessu verkefni. Þeir eru geymdir hver í sínu hólfi á deildunum en fá að sjálfsgöðu mikla umhyggju og ást.

Þriðjudaginn 14. nóvember kl. 17:00-19.00 2023 verður námskeið um slysavarnir barna í leikskólanum. Börn og starfsmenn fá æfingu í flóttu úr skólanum miðvikudaginn 18. október kl. 10:00 svo allir viti hvernig á að bregðast við ef upp kemur eldur í skólanum.

Á skipulagsdegi mánudagi 22. janúar 2024 verður kafað dýpra í kenningar Beritar Bae með öllu starfsfólki skólans. Unnið verður markvisst með starfsmönnum í hópum og þeir vinna að gagnvirkniskenningum Beritar Bae og vinna verkefni í tengslum við vinnuna á haustönninni (2023).

Mánudaginn 12. febrúar 2024 verður leikskólinn með ráðstefnu fyrir starfsfólk skólans. Á ráðstefnunni verða fengnir fyrirlesarar um ákveðna þætti í starfinu sem starfsmenn skólans eru sammála um að þurfi að skerpa á eftir endurmat haustannarinnar 2023.

Einnig verður fyrirlestur fyrir starfsfólk til að efla sig í starfinu með börnunum, að vellíðan starfsmanna sé höfð í fyrirrúmi svo þeir geti unnið gott jákvætt og uppbyggilegt starf með börnum skólans.

## **7. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Elstu börn leikskólans þ.e. þau börn sem hefja grunnskólagöngu að hausti 2023 fóru í heimsókn í sex ára bekk og voru þá um hálfan dag í einu í heimsókninni eða eftir því hvað hver grunnskóli skipulagði. Ýmist fóru kennarar leikskólans með börnunum í þessar heimsóknir eða foreldrar tóku þær að sér. Fyrsta heimsókn barnanna í grunnskólana var kynning á skólunum og síðan fóru börnin nokkrum sinnum í heimsókn í sex ára bekk ýmist með kennurum eða foreldrum allt eftir því hverju grunnskólinn óskaði eftir. Þetta voru skemmtilegar heimsóknir og börnin spennt og ánægð. Börnin fara því öruggari út í hinn stóra heim grunnskólans næsta haust og tilbúin að takast á við lífið á næsta skólastigi, grunnskólanum.

## **8. Foreldrasamvinna**

Leikskólastjóri boðar alla nýja foreldra í viðtal áður en barnið byrjar í leikskólanum, eina foreldra í einu. Farið er yfir markmið og áherslur í starfinu með börnunum. Foreldrar fylla út dvalarsamning og foreldrar og leikskólastjóri kynnast aðeins. Leikskólastjóri sýnir foreldrum leikskólann, kynnir þá fyrir deildarstjóra og starfsmönnum deildarinnar sem barnið byrjar á og foreldrar fá upplýsingar um hvenær barnið byrjar í skólanum, hvernig aðlögunin fer fram og annað sem foreldrar vilja vita. Barnið byrjar svo í leikskólanum og er gefinn sá tími í aðlögun sem hvert og eitt barn þarf til að ná tökum á lífinu í leikskólanum sínum.

Deildarstjórar boða foreldra barna sem færast á þeirra deild eða foreldra barna sem byrja ný á deilinni í viðtal að hausti þegar barnið hefur náð að aðlagast vel. Þar fá þessir aðilar tækifæri til að ræða um barnið, foreldrar gefa

deildarstjóra upplýsingar og öfugt. Þessi viðtöl eru nauðsynleg til að foreldrar og deildarstjóri kynnist, þau geti miðlað uppeldisaðferðum sínum og áherslum í uppeldi barna sem er mjög mikilvægt. Foreldrar geta fengið viðtal við deildarstjóra barnsins síns eða leikskólastjóra þegar þau vilja yfir skólaárið og foreldrar barna með sérþarfir fá reglulega teymisfundir yfir skólaárið með fagaðilum frá ÞB, deildarstjóra, stuðningsaðila og leikskólastjóra eins og áður segir.

Foreldraviðtöl eru einnig boðin öllum foreldrum skólans á vorönninni í febrúar-mars. Þá er farið vel yfir hvernig barnið stendur í hinum alhliða þroska í skólanum. Deildarstjórar sýna foreldrum niðurstöður skimana og annarra skráninga og foreldrar koma sínum hugleiðingum á framfæri.

### **Foreldrafundir**

Foreldrafundir eru haldnir í september ár hvert þar sem vetrarstarf barnanna var kynnt. Foreldrar barna af einni deild í einu eru boðaðir á fund milli kl: 16:00-17:00 og var boðið upp á gæslu fyrir börnin í skólanum á meðan fundurinn stóð yfir. Það er gaman að segja frá því að 80 til 90% foreldra mættu á fundina. Leikskólastjóri kynnti starfsáætlun fyrir skólaárið og deildarstjóri kynnti dagskipulagið og þær stundir sem börnin taka þátt í. Foreldrar lýstu ánægju sinni yfir hvað börnin þeirra fengu áhugavert starf og þeir töluðu um að þeir hlökkuðu til að fylgjast með barninu sínu taka þátt í starfi skólans.

Því miður náðist ekki að vera með foreldrafundi í september síðastliðinn en foreldrar fengu upplýsingar um vetrarstarfið í tölvupósti.

Skólaárið 2023-2024 verða foreldrafundir haldnir í vikunni 18. til 22. ágúst 2023 milli kl. 15:15-16:15 þar verður farið yfir starfsáætlun skólaársins 2023-2024 og deildarstjórar fara yfir vetrarstarfið á hverri deild fyrir sig. Foreldrar á einni deild í einu sitja fund og fá gæslu fyrir börnin í leikskólanum á meðan á fundinum stendur.

### **Foreldramorgunverður á föstudögum.**

Nánast alla föstudaga er foreldrum boðið að borða morgunverð með barninu/börnunum sínum í leikskólanum. Þetta er gert til að efla foreldrasamstarf í skólanum og fá foreldra inn í skólann smá stund. Það er dásamlegt fyrir börnin þegar foreldrar gefa sér tíma til að stoppa í leikskólanum þeirra á föstudögum og eiga saman notalega stund í morgunverðinum. Þetta er engin skylda heldur geta foreldrar komið þegar þeim hentar, sumir foreldrar koma á hverjum föstudegi, aðrir koma tvisvar í mánuði, enn aðrir koma einu sinni í mánuði og sumir koma aldrei. Foreldrasamstarf styrkist með þessu og oftast en ekki eiga foreldrar notalega stund með barninu sínu og öðrum foreldrum. Í boði er hafragrautur, nýtt brauð úr bakaríinu, alls kyns álegg, vatn, mjólk og kaffi.

### **Foreldraráð**

Foreldraráðsfundir eru haldnir reglulega yfir árið. Foreldraráð kynnir starf félagsins á foreldrafundum að hausti og þá eru fulltrúar kosnir úr hópi foreldra til að sitja í foreldraráðinu. Fulltrúar sem setið hafa í stjórn félagsins eru jafnvel sumir hverjir að hætta með börn sín í skólanum eða vilja draga sig út úr stjórninni. Fundir foreldraráðs eru haldnir reglulega yfir árið. Á fyrsta fundi foreldraráðsins, sem er haldinn í október, eru nýir stjórnarmeðlimir boðnir velkomnir og farið er yfir störf félagsins síðastliðið ár. Rætt er um þátttöku foreldrafélagsins í jólaundirbúningi t.d. að fá jólaleiksýningu í skólann fyrir börnin og sjá um veitingar á jólaballinu o.fl. Foreldraráð skiptir með sér verkum við undirbúninginn og ákveðið er hvenær á að hittast aftur til að útbúa veitingar á jólaballinu. Á vorönninni er aftur fundur foreldraráðsins þar sem foreldrar taka ákvörðun um vorferð barna og foreldra í sveitina, leiksýningu fyrir börnin á vordögum, sumarhátíðina og annað sem hugmyndir koma upp og er ákveðið af foreldraráði. Foreldraráð heldur úti lokaðri facebooksíðu fyrir foreldra skólans, þar koma upplýsingar um störf félagsins og fundargerðir eru settar þar inn. Einnig er stjórn foreldrafélagsins með lokaða facebooksíðu þar sem mikil samskipti fara fram milli þeirra og kemur í staðinn fyrir annars marga fundi stjórnarmanna.

## 9. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

### Skipulagsdagar

Skipulagsdagar þar sem leikskólanum er lokað eru tveir á ári, annar skipulagsdagurinn er í beinu framhaldi af sumarfríi barna og starfsmanna og hinn skipulagsdagurinn er á vorönn í mars. Aðrir skipulagsdagar er haldnir utan hefðbundins vinnutíma. Á skipulagsdegi að hausti er farið yfir starfsáætlun skólaársins og starfsmenn ræða um þá þætti í starfinu sem leggja á áherslu á til umbóta yfir skólaárið. Farið er yfir markmið skólans og þau rædd. Fenginn er fyrirlesari með fræðslu fyrir starfsfólkið. Starfsmenn hrista sig saman eftir gott sumarfrí og gera deildir tilbúna fyrir komu barnanna í skólann. Aðlögun nýrra barna er að fara af stað og það þarf að undirbúa komu þeirra af kostgæfni.

Á öðrum skipulagsdögum, sem eru haldnir á kvöldin utan hefðbundins vinnutíma, eru fengnir fyrirlesarar, haldin námskeið, ráðstefnur, deildarfundir og fagfundir. Starfsmannafundir eru einnig á þessum tíma. Námskeið sem eru haldin eru t.d. námskeið í slysavörnum barna annað hvert ár, og ýmis námskeið sem tengjast starfinu með börnunum. (sjá kafla um fræðslu).

Deildarfundir eru haldnir einu sinni í mánuði, starfsmannafundir annan hvern mánuð og deildarstjórafundir einu sinni í mánuð. Að sjálfsögðu er alltaf hægt að hafa fundi auk þessara föstu funda eins oft og nauðsyn krefur.



ÁGÚST	TEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 Þ	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 F	1 F	1 M	1 M	1 L	1 M
2 M	2 L	2 M	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 L	2 Þ	2 F	2 S	2 Þ
3 F	3 S	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F	4 M	4 M	4 L	4 M	4 F	4 S	4 M	4 F	4 L	4 Þ	4 F
5 L	5 Þ	5 F	5 S	5 Þ	5 F	5 M	5 F	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L	6 Þ	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M	7 F	7 L	7 Þ	7 F	7 S	7 M	7 F	7 S	7 Þ	7 F	7 S
8 Þ	8 F	8 S	8 M	8 F	8 M	8 F	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M	9 L	9 M	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 Þ
10 F	10 S	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 M	11 L	11 M	11 F	11 S	11 M	11 M	11 L	11 Þ	11 F
12 L	12 Þ	12 F	12 S	12 Þ	12 F	12 M	12 Þ	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M	13 M	13 L	13 Þ	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F	14 S	14 Þ	14 F	14 S
15 Þ	15 F	15 S	15 M	15 F	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 L	15 M
16 M	16 L	16 M	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 L	16 Þ	16 F	16 S	16 Þ
17 F	17 S	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F	17 M	17 M
18 F	18 M	18 M	18 L	18 M	18 F	18 S	18 M	18 F	18 L	18 Þ	18 F
19 L	19 Þ	19 F	19 S	19 Þ	19 F	19 M	19 Þ	19 F	19 S	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M	20 L	20 Þ	20 M	20 L	20 M	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 Þ	21 F	21 S	21 M	21 F	21 S	21 Þ	21 F	21 S
22 Þ	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 M	22 L	22 M
23 M	23 L	23 M	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 L	23 Þ	23 F	23 S	23 Þ
24 F	24 S	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 L	24 S	24 M	24 F	24 M	24 M
25 F	25 M	25 M	25 L	25 M	25 F	25 S	25 M	25 F	25 L	25 Þ	25 F
26 L	26 Þ	26 F	26 S	26 Þ	26 F	26 M	26 Þ	26 F	26 S	26 M	26 F
27 S	27 M	27 F	27 M	27 M	27 L	27 Þ	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L
28 M	28 F	28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 S	28 Þ	28 F	28 S
29 Þ	29 F	29 S	29 M	29 F	29 M	29 F	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 Þ			30 Þ	30 F	30 S	30 Þ
31 F		31 Þ		31 S	31 M			31 S	31 F		31 M

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfelt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólustjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.

## 10. Fylgigögn

### Fylgiskjal frá deildarstjórum.

#### Töfrasteinn

Veturinn á Töfrasteini gekk í heildina litið vel. Það var fyrir fram vitað um veikindaleyfi hjá nokkrum starfsmönnum skólans svo fjarvera þeirra kom ekki á óvart og var búið að gera ráð fyrir því strax um haustið. Starfsfólkið var jákvætt og tilbúið að vinna í lausnum og hjálpast að. Dagskipulag deildarinnar var einfalt og skírt og átti starfsfólkið gott með að vinna eftir því.

Aðlögun barna frá Völusteini gekk mjög vel yfir á Töfrastein og voru börnin fljót að læra á leiksvæði deildarinnar en Töfrasteinn er stór deild og rýmin ekki öll samliggjandi. Smá breyting var á skipulagi deildarinnar en dúkkubúið var fært inn í Borðstofu og því herbergi sem búið hafði verið í áður var breytt í Litlu-stofu þar sem börn fædd 2019 höfðu svo heimastofu. Það kom þó í ljós að dúkkubúið nýttist ekki betur þrátt fyrir að færa það inn í Borðstofu svo um miðjan vetur var það fært fram á gang. Það var góð breyting og náðu börnin nú mun betri hlutverkaleik og börnin gátu farið oftari í búið.

Vísdomsstundir gengu vel og tóku elstu börnin miklum framförum í félagslegum samskiptum þó svo að nokkrir einstaklingar hafi átt erfið samskipti og lentu oft í árekstrum. Starfsmenn deildarinnar reyndu eins og þeir gátu að vinna með samskipti þeirra en það reyndist þrautin þyngri. Hópastarfið var mjög sérstakt í byrjun þetta árið. Börnin voru ekki tilbúin til að vinna þemavinnu heldur vildu þau bara vera úti að leika. Börnin í þessum hópi voru mjög félagslega sterk og með góðan leikþroska. Reynt var að skipta börnunum á ýmsan hátt í hópa en í lokin var ákveðið að vinna með öll börnin í einum hópi, hafa fleiri starfsmenn í hópastarfa-stundunum og setja svo verkefnavinnuna upp eins og stöðvavinnu. Þannig náðist áhugi barnanna á viðfangsefninu, börnin fengu fræðslu og verkefnavinnu sem skilaði sér í forvitni barnanna um að fá að vita meir og þekkingarleit fór af stað meðal barna og starfsmanna.

Á haustönninni var ákveðið að byrja strax samvinnu milli Völusteins og Töfrasteins. Á hverjum fimmtudegi fóru yngstu börnin á Töfrasteini og elstu börnin á Völusteini (2019) í málörvunarstöðvar á Töfrasteini. Þetta voru alls 16 börn og var þeim skipt í 4 hópa. Þetta var skemmtileg vinna með börnunum og þau sýndu mjög fljótlega framfarir í málþroska. Efi2 málþroskaskimun var svo lögð fyrir þennan barnahóp í nóvember. Eftir það var börnunum skipt í hópa eftir niðurstöðum skimananna. Viðfangsefnið í hópnum voru þau sömu en útfærð með mismunandi erfiðleikastig. Efi2 málþroskaskimunin var svo lögð aftur fyrir þennan aldurshóp að vori og kom þá í ljós að öll börnin höfðu bætt sig í málþroskanum og voru nú öll í meðalgetu eða meira. Sýndi það sig greinilega að þessi markvissa málörvun bar góðan árangur.

Í nóvember var farið af stað með verkefni sem kallast „Galdrakoffort“, eitt Galdrakoffort var útbúið fyrir hvern aldurshóp barnanna á deildinni. Í Galdrakoffortin voru settar bækur sem deildarstjórinn valdi af kostgæfni. Galdrakoffortin eru merkt aldri barnanna en starfsmenn nota bækurnar í sögustundum. Það skemmtilega við Galdrakoffortin er að börnin geta fengið lánaða bók með sér heim í lok dags sem mamma og pabbi lesa fyrir barnið að kvöldi en það þarf að skila bókinni aftur í Galdrakoffortið morguninn eftir. Þegar barnið skilar bókinni í Galdrakoffortið setur það einn stein í krukku sem er hjá Galdrakoffortinu. Þegar krukkan er orðin full af steinum fær barnahópurinn að velja sér eitthvað skemmtilegt í verðlaun. Þá er t.d. hægt að hafa náttfatadag, koma með eitt leikfang að heiman eða eitthvað annað sem börnin stinga upp á. Galdrakoffortin auðvelda starfsfólkinu að velja bók fyrir sögustundirnar þar sem hvert Galdrakoffort inniheldur bækur fyrir eitt aldursskeið. Börnunum finnst mjög gaman að fara heim með bók sem er búið að lesa í leikskólanum og helst oftari en einu sinni. Þessi nýjung sló heldur betur í gegn hjá börnum og foreldrum en börnin fara helst ekki heim nema taka með sér bók..

Samvinna starfsmanna á deildinni gekk vel, þeir náðu að vinna vel saman og gagnkvæm virðing ríkti í starfsmannahópnum. Það kom skýrt fram að starfsmenn voru að tileinka sér gagnvirkiskenningu Beritar Bae um samskipti barna og fullorðinna. Starfsmenn fengu það hlutverk að velja sér fyrirmynd úr starfsmannahópnum þ.e.a.s. taka eftir því sem þeim fannst aðrir starfsmenn gera vel og læra þannig af þeim. Á deildarfundum upplýstu starfsmenn hver væri sín fyrirmynd og af hverju, fór þá fólk að tileinka sér enn betur góða starfshætti í skólanum. Þetta hafði góð áhrif á starfið og starfsandann.

Deildarstjóri tók sig verulega á við að senda pósta vikulega til foreldra, þar fengu foreldrar upplýsingar um starfið á deildinni yfir vikuna og hvað væri fram undan hjá börnunum. Á vordögum var deildarstjóri búinn að senda í kringum 30 vikulega pósta til foreldra fyrir utan pósta sem upplýstu foreldra um breytingar á skipulagi, blaut föt o.þ.h.

Nú er góður vetur að baki og förum við í sumarfrí með gleði í hjarta yfir starfi vetrarins.

Kær kveðja, Pernille Tönder

Deildarstjóri Töfrasteins

## Völusteinn

Á Völusteini var unnið mikið með að efla hugmyndir og sköpunargleðin barnanna. Útikennsla var á haustdögum og vordögum þar sem börnin geta komið hugmyndum sínum og upplifunum á framfæri. Börnin fengu líka tækifæri til að vinna með upplifanir sínar í Smiðju. Starfsmenn og börn fóru í vettvangsferðir til að rannsaka og skoða heiminn í kringum sig. Vakin var athygli barnanna á sveppum, trjám, laufblöðum o.fl. hvers vegna lafin verða gul og falla af trjánnum og trén sofna. Börnin spurðu mikið og fengu svör, þau töluðu sín á milli og skemmtu sér vel.

Börnin lærðu hvert af öðru á deildinni, mikið var spilað, spil með húsdýrum og villtum dýrum og lottó með grænmeti og ávöxtum.

Börnin voru dugleg að velja lög í söngstundum og viðfangsefni í skipulögðum stundum og í frjálsum leik. Áhersla var lögð á að starfsmenn deildarinnar gæfu börnunum tækifæri til að tjá sig hvert á sinn hátt, að starfsmenn hlusti á börnin af athygli og efla þannig frásagnargleði barnanna og styðji þau í að framkvæma hugmyndir sínar. Bætt var við töfluvali en þá skrifuðu börnin stafinn sinn á móti mynd af viðfangsefni sem þau völdu að gera. Þetta fannst börnunum mjög skemmtilegt.

Unnið var með „Lubbi finnur málbein“ á Völusteini eins og á öðrum deildum skólans. En Lubbi er dóta hundur sem kynnir hljóð stafanna fyrir börnunum, sungin voru lög og lesnar sögur í tengslum við efnið.

Unnið var með litina og tölur sem gekk vel, börnin eru flest farin að telja upp að tíu og þekkja litina.

Stöðvavinna gekk einnig vel þá fengu börnin fjölbreytt og skemmtilegt starf sem ýtir undir þroskaþætti barnanna. Í stöðvavinnu fá starfsmenn tækifæri til að fylgjast með hverju og einu barni, hvetja þau áfram á jákvæðan hátt svo allir njóti vel.

Erfiðleikarnir á Völusteini síðastliðið skólaár snerust um samskiptaörðugleika starfsmanna á milli þar sem deildarstjórinn er af erlendu bergi og átti stundum erfitt með að koma frá sér upplýsingum og faglegum ráðleggingum til starfsmannanna og miskilnings gætti þeirra á milli. Þá myndaðist togstreita og óöryggi milli starfsmannanna og deildarstjórans. Deildarstjórinn réði ekki við aðstæður svo leikskólastjórar komu inn í aðstæður. Leikskólastjórar reyndu að styðja starfsmenn í að finna jákvæðan flöt á málunum, hætta að tala á bak deildarstjórans en styðja hann frekar í starfinu þar sem allir eru að vinna að sömu markmiðum með börnunum. Þetta gekk ekki svo leikskólastjóri færði til starfsfólks í skólanum þannig að einn starfsmaður færðist af deildinni og annar kom inn. Efir það gekk mun betur á deildinni.

Bestu kveðjur, Lutmíla

## Dvergasteinn

Nýr deildarstjóri tók við deildarstjórn á Dvergasteini 1. febrúar 2023. Í upphafi var starfið með sama hætti og fyrri deildarstjóri hafði lagt upp með en hægt og rólega voru breyttar starfsaðferðir. Þar má nefna aukna áherslu á hlutverk starfsfólks í leik og samskiptum. Farið var yfir leikföng og efnivið deildar, skipulag deildar aðlagð betur að þörfum barnahópsins með það markmið að styðja við leik og nám barnanna. Auk þess voru settar meiri kröfur á börnin í leik og starfi s.s. að ganga frá eftir sig, leikföng og efniviður er á ákveðnum svæðum, börnin drekki úr opnum glösum og fái hnífapör, gangi frá eftir matartíma, fái meiri æfingu og þjálfun í fataklefa og fleira er stuðlar að aukinni sjálfshjálp og ábyrgð.

Samverustundum er nú skipt upp í tvo minni barnahópa og hefur það reynst nokkuð vel og auðveldar starfsfólki að ná til barnanna og stuðla að ánægjulegri og samverustundum fyrir börnin.

Síðan í febrúar hefur gengið vel að fylgja dagskipulagi, hópavinna var daglega þar sem hver starfsmaður var með sinn hóp viku í senn, unnið var að mestu með fín- og grófhreyfingar og málörvun í gegnum lestur, spil og leiki.

Lubbi finnur málbein var fastur liður í samverustundum, en börnin aðstoða Lubba við að læra íslensku máhljóðin. Það hefur gengið mjög vel og þykir börnunum alltaf spennandi þegar Lubbi birtist í samverustund. Einnig hefur verið unnið með Boðskipti Bínu, þar sem börnin læra samhliða dúkkunni Bínu undirstöðupætti boðskipta sem eru að stíja, passa hendur, hlusta, bíða, gera til skiptis og muna.

Starfsfólk deildarinnar hefur með góðri samvinnu og samskiptum náð að koma meiri ró á deildina og aðstoðað börnin að þróa leik

Sigríður Harpa Benediktsdóttir  
Deildarstjóri á Dvergasteini.

## Álfasteinn

Starfið gekk mjög vel skólaárið 2022-2023. Stundarskráin var aðlöguð eftir því sem leið á skólaárið og breytt og bætt jafnóðum eftir því sem hentaði. Starfsmannabreytingar urðu á deildinni sem gekk mjög vel. Aðlögun barnanna gekk mjög vel þetta árið börnin voru fljót að aðlagast og mikil rólegheit ríkti á deildinni. Börnin fengu fjölbreytt starf og nutu þess vel.

Frá því í lok september var börnunum skipt í smærri barnahópa. Hver starfsmaður sá um fjögur börn sem þeir unnu með eftir stundatöflu hvers dags. Eftir hádegi skiptist barnahópurinn alltaf í tvær stofur.

Í stöðvavinnu var börnunum skipt í fjóra hópa. Tveir barnahópar fóru út að leika, tveir hópar voru inni í stöðvavinnu. Átta börn úti og átta börn inni í stöðvavinnu einn hópur í borðvinnu og ein á gólfi síðan skiptu hóparnir verkum. Í borðvinnu var verið að efla fínhreyfingar s.s. leir, púsl, pinnar, litir, málning, og gólfvinna, kubbar ýmiss konar, dúkkur og matardót, bílar, formkubbar og kassar, boltar o.fl.

Á vorönninni var unnið með Lubbastundir á mánudögum og hópastarf á fimmtudögum. Lubbi finnur málbein er leikfangahundur sem kennir íslensku máhljóðin, börnunum er sýndur einn stafur í einu, tákn hans og lagið hans sungið og spilað, börnin fá að knúsa Lubba bangsa. Börnunum eru sýndir hlutir sem eiga stafinn sem unnið er með hverju sinni, þannig læra börnin ný orð og geta sagt hvað hluturinn heitir ef þau sjá hann.

Í hópastarfinu er unnið með líkamann, hvað heita líkamshlutarnir, við syngjum lög um líkamann eins og Höfuð herðar hné og tær, fingraþulur og vísur.

Málþroski barnanna á deildinni eflur, starfsfólk hvatt til að setja orð á hluti og athafnir allan daginn, hafa lestrar og söngstundir tvisvar á dag. Vera með söngval en þá fá börnin sjálf að velja hvaða lög þau vilja syngja út frá myndum.

Eftir hvíldina þegar börnin voru búin að jafna sig var sett upp hreyfiþraut fyrir þau í fremri stofu. Má þar nefna orm til að skríða gegnum, jafnvægisþrautir til að labba á, dýnur til að hoppa á og hnoðast og gera kollhnís.

Smiðjan var færð inn á deildina, börnin fengu tækifæri til að vatnslita og mála með þekjulitum.

Eftir áramótin fór deildarstjórinn í fæðingarorlof og annar deildarstjóri tók við á deildinni. Starfið á deildinni var haft á sama hátt enda var nýji deildarstjórinn starfsmaður á deildinni áður. Það sem kom sterkara inn eftir áramótin var hópastarfið þar sem unnið var með líkamshlutana. Starfsfólk var mjög duglegt að sitja með börnunum á Álfasteini í leik. Börnunum var skipt í tvo hópa í samveru og söngstundir og gekk það mjög vel. Það hefði mátt vinna meira með „Tákn með tali“ á deildinni.

Á vordögum tók útiveran við og börnin fóru mikið út að leika. Þau nutu sín vel og fengu mikla og góða útiveru.

Sara Hlín og Gróa Norðfjörð  
Deildarstjórar á Álfasteini

## 11. Fylgiskjal - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs mun berast fyrir 10. ágúst 2023.

F. h. leikskólans

Sólveig Einarsdóttir      29. júní 2023

---

Leikskólastjóri      Dagsetning

## Viðbót við starfsáætlun leikskólans Vinaminnis skólaárið 2023-2024

Áætlun um samstarf leikskólans og grunnskólana fyrir börnin sem eru að hefja nám í grunnskólum haust 2024

Elstu börnin sem eru að hefja grunnskólagöngu haust 2024 fara í heimsóknir í skólann sinn að vori.

Frá mars til júní er börnunum boðið að koma í heimsókn í grunnskólana

31. mars fyrsta heimsókn í Seljaskóla, þau kynnast skólanum og fá að koma inn í 6 ára bekk
2. Júní er börnunum boðið að koma aftur í heimsókn í Seljaskóla og dvelja nú lengur en síðast í 6 ára bekk.

Börn sem fara í Fellaskóla, Breiðholtsskóla og Hólabrekkuskóla fara þrjá dag í röð í heimsókn í skólana sína það eru.5, 6, og 7 júní þau skoða skólann sinn og fara í heimsókn í 6 ára bekk.

Öll börn sem hefja nám í grunnskóla haust 2024 fara síðan í júní með foreldrum sínum í heimsókn í skólann sinn.

Breiðholtsskóli býður börnunum að vera í frístund strax eftir sumarfrí, kynnast skólanum sínum og börnunum sem eru að hefja þar nám. Börn sem fara í aðra skóla hafa þurft að koma aftur í leikskólann eftir sumarfrí en byrja í grunnskólanum á tímabilinu 20-23 ágúst 2024 allt eftir því í hvaða grunnskóla þau eru að fara í.

Það er mat okkar leikskólakennaranna að börnin græði á því að geta mætt í frístund grunnskólanna strax að loknu sumarleyfi. Þau kynnast nýja skólanum sínum, samnemendum og starfsmönnum sem starfa í frístund með börnunum. Tíminn eftir sumarfrí og fram að grunnskólagöngunni er biðtími hjá börnunum sem hafa ekki tækifæri til að byrja í frístund strax eftir sumarfrí. Því mikil spenna ríkir yfir því að fara í grunnskólann.

bestu keðjur

Sólveig Einarsdóttir  
Leikskólastjóri

**Fylgiskjal 1**

**Starfsáætlun 2023 – 2024**  
**Leikskólinn Vinaminni**  
**Asparfelli 10 111 Reykjavík**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Stefanía Erika Kristjánsdóttir formaður**  
**Tinna Ósk Þorvaldsdóttir gjaldkeri**  
**Birta Mogensen meðstjórnandi**  
**Inga Sigurrós Guðnadóttir meðstjórnandi**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.



Mín umsögn er eftirfarandi:

Það starf sem unnið er í Vinaminni í þágu barnanna er til fyrirmyndar og skín metnaður, ánægja og áhugi starfsfólks í gegn í hvívetna sem og hversu umhugað því er um börnin, velferð þess og framþróun sem skilar sér í þroska og vellíðan barnanna á leikskólanum sem og ánægju foreldra með starfsfólk og það mikilvæga starf sem unnið er á leikskólanum.

Áhersla á fræðslu, starfsþróun starfsmanna, samvinnu, samskipti og jákvæða vinnustaðarmenningu hefur áhrif á ánægju starfsmanna leikskólans og þar með starfsanda og umönnun og því mikilvægt að hlusta á starfsmenn og koma til móts við þarfir þeirra og vinna þannig markvisst að því að lágmarka veikindaleyfi starfsmanna.

Upplýsingagjöf starfsmanna til foreldra er góð og upplýsingar um matseðil, hversu vel barnið borðaði yfir daginn og svefn aðgengilegar og sýnilegar sem og hvað var gert með börnunum. Auk þess er upplýsingagjöf stjórnenda til foreldra góð og málefnum er varðar starfsemi leikskólans eða viðburði komið tímanlega á framfæri við foreldra.

Áhersla á fjölbreytt starf s.s. samverustundir, stöðvavinnu, frjálsan leik, söng, máltöku, útiveru og flæði skilar sér í þroska og sjálfstæði barnanna. Starfið í Vinaminni er metnaðarfullt og til fyrirmyndar og er starfsáætlun 2023-2024 til marks um það.

Birta Mogensen



Umsögn um  
starfsáætlun leikskó

Stefanía Erika Kristjánsdóttir

Starfsáætlun leikskólans Vinaminnis endurspeglar starf skólans á frábæran hátt. Starfsfólk leikskólans vinnur virkilega flott og öflugt starf með börnunum sem er í takt við starfsáætlunina. Læsi í leik sýnir sig virkilega vel hjá börnum sem útskrifast úr leikskólanum og eru allt í einu orðin læs án þess jafnvel að átta sig á því sjálf. Allur útbúnaður á leikskólanum er til fyrirmyndar og valkerfið sem nýtt er frá því börnin eru mjög ung kennir þeim mikið um sjálfstæða hugsun. Vísdomsstundirnar eru ótrúlega flottar og skila börnunum mjög tilbúnum upp á næsta skólastig. Leikskólinn tekur vel á móti hverju einasta barni á þann hátt að öllum börnum getur fundist það einstakt og fellur ekki í skugga annarra barna.

Börnum líður vel á leikskólanum og virðisr starfafólki einnig líða vel. Frábært samband myndast á milli barna og alls starfsfólks.

Vinaminni skilar frá sér félagslega sterkum einstaklingum út í grunnskólana sem hafa lært virðingu, vináttu og ábyrgð.

Tinna Ósk Þorvaldsdóttir  
Gjaldkeri foreldraráðsins



Starfsáætlun  
umsögn 2022.pdf

Inga Sigurrós sagði að hún vildi nota þessa umsögn v/starfsáætlunar 2020 þar sem starfið væri með svipuðu sniði næsta skólaár.